ópokkaðr. Fóru þau orð um at Óláfr konungr mundi hefna Biarnar
ef honum gæfi færi á. Biörn konungr liggr í Farmannshaugi á
Sæheimi.

Eptir um vetrinn fór Eiríkr norðr á Mœri ok tók veizlu í Sólva 12.6–13.10/
fyrir innan Agðanes. En er þat spurði Hálfðan svartí fór hann með 152.17–
her *mikinn* ok tók hús á þeim. Eiríkr svaf í útiskemmu ok komz 154.8.
hann til skógar við fimmta mann, en þeir Hálfðan brenndu bæinn
ok lið þat allt er inni var. Kom Eiríkr á fund Haralds konungs með

¹ BC²D²; ymissa A. ² BC²D²; brottu A. ³BC²D²; Biorn A. ⁴ BC²D²;
fekk A.

þessum tíðindum. Konungr varð þessu *miok* reiðr, samnaði *hann þegar* her ok fór *norðr* á hendr Þrændum. En er þat *spurði* Hálfðan svarti *bauð* hann út *leiðangri* ok skipum ok *varð* allfiqlmennr ok lagði út til Staðs fyrir innan Þórsbiörg. Haraldr konungr lá liði sínu út *við¹ Hreinsléttu. Fóru þá menn milli þeira.

Guthormr sindri hét gofugr maðr ok *ættstórr*. Hann var þá í liði með Hálfðani svarta, en fyrr hafði hann verit með Haraldri konungi ok var *hinn mesti vin* beggia þeira. Guthormr var skáld mikit. Hann hafði ort sitt kvæði um hvárn þeira feðga. Þeir höfðu boðit honum laun, en hann neitti ok *beiddi* at þeir skyldi veita honum eina bæn, ok því höfðu þeir heitit. Hann fór þá á fund Haralds konungs ok bar *sættarboð* í milli þeira ok bað þá hvárntveggja þeirar bœnar, at þeir skyldi sættaz. En konungar gerðu svá mikinn metnað hans at af hans bæn sættuz þeir. Margir aðrir gofgir menn fluttu þetta mál með honum. Varð þat at sætt at Hálfðan *konungr* skyldi halda ríki sínu qllu; hann skyldi ok láta óhætt við Eirík bróður sinn.

Eptir þessi sögu orti Íórunn skáldmær nokkur erendi í Sendibít:

Harald frá ek, Hálfðan, spyria
herðibrögð, en lögðis
sýniz svartleitr reyni
siá bragr, *hins² hárfagra.

Chapter 6

13.11–17 / Hákon Griótgarðsson Hlaðaiarl hafði alla yfirsókn *í Þrándheimi³
154.10–18. þá er Haraldr konungr var annarstaðar í landi. Hafði Hákon mestan metnað í Þrændalögum af konungi. Eptir *hann* tók Sigurðr son hans *iarldóm* í Þrándheimi; *sat* hann at Hlōðum *sem faðir hans*. Með honum fædduz upp synir Haralds konungs, þeir *sem áðr höfðu verit* undir hendi föður hans, Hálfðan svarti ok Sigrøðr. Váru þeir miok iafnaldrar, konungs synir ok Sigurðr.

13.18 /
155.3. Sigurðr iarl var manna vitrastr.

13.18–20 /
154.18–
155.2. *Hann* fekk Bergliótar dóttur Þóris iarls þegianda. Móðir *Bergliótar* var Ólof árbót, dóttir Haralds konungs hárfagra.

¹ BC²D²; fyrir A. ² BD², enn A, hín C². ³ BC²D²; vm þrandheim A.

Chapter 7

Þá er Haraldr konungr tók at eldaz sat hann at stórbúum *sínum* 13.21–
optliga er hann átti á Hǫrðalandi, á Alreksstöðum *eða á¹ Sæheimi 14.20/
eða á Fitium. *Stundum sat hann* á Rogalandi at Útsteini eða á 155.3–
Qgvaldsnesi í Kǫrmt. Þá er Haraldr konungr var nær *siauræðum² 156.7.
gat hann son við konu þeiri er nefnd er Þóra *Mostrstǫng,³ þvíat
hon var ættuð ór Mostr^r á Sunnhǫrðalandi. *Hon var kvenna vænst*
ok mest ok vel ættborin; hon var í frændsemistǫlu við Hǫrða-Kára,
en þó var hon kǫlluð konungsambátt.⁴ Váru þá margir konungi
lýðskyldir *þó at vel væri ættbornir, bæði karlar ok konur.*

Pat var þá *miðk* siðr um *ríkra* manna börn at vanda *miðk* menn
til at ausa vatni ok gefa *nofn*. En er at þeiri stundu kom er Þóru
var ván at hon mundi barn ala, þá vildi hon fara á fund Haralds
konungs. Hann var þá norðr á Sæheimi, en hon í *Mostr.⁵ Fór hon
þá norðr á skipi með *Sigurði iarli*. Þau lágu um nóttina við land.
Þar *fæddi* Þóra barn uppi á hellunni við *bryggjusporðinn*; þat var
sveinbarn. Sigurðr iarl íós sveininn vatni ok kallaði Hákon eptir
föður sínum, Hákonni Hlaðaiarli. Sá sveinn var snemma mikill ok
fríðr sýnum ok *miðk* líkr föður sínum. Konungr lét sveininn fylgia
móður sinni meðan *hann* var allungr, ok váru þau at konungsbúum.

^r*Hæðiligt þótti qðrum sonum Haralds konungs um Hákon ok*
*kǫlluðu hann Mostrstangarson.*⁶

Chapter 8

Í þann tíma hafði tekit konungdóm á Englandi Aðalsteinn er kallaðr 14.21–
var hinn sigrsæli ok hinn trúfasti. Hann sendi menn til Nóregs 15.15/
með þessháttar erendum, at *sendimaðrinn* gekk inn fyrir Harald 156.9–
konung ok *færði* honum sverð með *gulligum* hiqltum ok meðal- 157.9.
kafla, ok qll *umgørðin* var búin gulli ok silfri ok sett *ágætum*
gimsteinum. Sendimaðrinn *sneri* hiqltum *sverðsins at konungi*
ok mælti: ‘Hér er sverð þat er Aðalsteinn konungr mælti at þú
skyldir *við⁷ taka.’ Konungr tók meðalkaflann. Ok þegar mælti
sendimaðrinn: ‘Nú tóktu svá við *sverði þessu* sem várr konungr
vildi; skaltu nú vera þegn hans, er þú tókt við sverði hans at

¹ C²; aa A, edr BD². ² BC²D²; siauræðr A. ³ BD²; morstr staung A, morstrar stǫng C². ⁴ Interpolated from ÓIH (?), see ÓIHJH 12.9–12 and Introduction p. viii. ⁵ BC²D²; morstr A. ⁶ Interpolated from ÓIH (?), see ÓIHJH 12.13–13.1 and Introduction p. viii. ⁷ BC²D²; með A.

hiøltunum. Haraldr konungr skilði þá at þetta var með spotti gort til hans, þvíat hann vildi engis manns þegn vera. En þó minntiz hann þess sem háttr hans *var,¹ at hvert sinn er skiót æði eða reiði hlióp á hann, at hann stillti sik fyrst ok lét svá renna af sér reiðina, en leit síðan á sakar óreiðr. Nú gerði hann enn svá ok *bar² þetta mál fyrir vini sína, ok sýndiz þeim øllum samt at láta ráð ráði mæta. Lét Haraldr konungr sendimenn Aðalsteins konungs fara brottu friálsa með bezta orlofi.

15.15– Sá maðr var með Haraldri konungi er Haukr hét hábrók; hann var
16.21 / framkvæmdarmaðr mikill í sendiforum, þó at torveldar væri ok
157.11– hinn kærasti konungi. Á næsta sumri eptir þetta sem nú var getit
159.2. fekk Haraldr konungr Hákon son sinn í hendr Hauki ok sendi hann vestr til Englands á fund Aðalsteins konungs. Fann Haukr hann í Lundúnum. Þar var fyrir veizla virðulig. Haukr gekk til konungshallarinnar með þriá tigu manna. Haukr mælti til sinna manna: ‘Svá skulu vér haga inngöngu várri, at sá skal *síðarst út ganga er fyrst³ gengr inn ok standa allir iafnfram fyrir konungsbordinu, ok hverr várr skal hafa sverð á vinstri hlið ok festa svá yfirhöfnina at ekki siái sverðin. Haukr tók þá sveininn Hákon ok setti á handlegg sér; gengu síðan inn. Haukr heilsaði á konung. Konungr bað hann velkominn. Haukr setti sveininn á kné Aðalsteini konungi. Konungr sá á sveininn ok spurði *Hauk⁴ hví hann fór svá. Haukr svarar: ‘Haraldr Nóregskonungr bað þik fóstura sér ambáttarborn þetta.’ Aðalsteinn konungr varð reiðr miøk ok greip til sverðs⁵ er stóð hiá honum ok brá sem hann vildi drepa sveininn. Haukr mælti þá: ‘Knésett hefir þú hann nú, konungr, ok máttu nú myrða hann ef þú vill. En ekki muntu með þessu eyða øllum sonum Haralds konungs.’ Gekk Haukr þá út ok allir hans menn; fóru síðan leið sína til skips, létu í haf þá er þeir váru búnir ok kómu aptr til Nóregs á fund Haralds konungs, ok lét hann vel yfir þeira erendi, þvíat þat er mælt at sá sé ótignari *er⁶ øðrum fósturar barn. Í þvílíkum skiptum konunganna fannz þat á, at hvárr þeira vildi vera øðrum meiri, en þó varð ekki gert misdeili tignar þeira at heldr, þvíat hvártveggi var yfirkonungr síns ríkis allt til dauðadags.

¹ BC¹D²; hafði uerit A. ² BC¹D²; berr A. ³ C¹; fyrstr ut ganga er (sem D²) síparst ABD². ⁴ BC¹D²; ÷ A. ⁵ + þess A. ⁶ C¹D²; sem AB.

Chapter 9

Aðalsteinn konungr lét skíra Hákon ok kenna *honum* rétta trú ok 17.1–10 /
 góða siðu ok *allsháttar* kurteisi. *Konungr elskaði Hákon meir en* 159.4–15.
noðkurn mann annan, skyldan eða óskyldan, ok þar út í frá unni
 honum *hvert barn* er hann kunni. Var hann síðan kallaðr
 Aðalsteinsfóstri. Hann var *hverium manni* meiri ok *sterkari¹ ok
 fríðari *sýnum* ok hinn mesti fþróttamaðr, vitr ok orðsniallr ok vel
 kristinn. Aðalsteinn konungr gaf Hákonni sverð þat er hiqltin váru
 af gulli ok meðalkaflinn, en brandrinn var þó betri. Með því sverði
 hió Hákon kvernstein til augans; því var þat síðan kallat Kvernbítr.
 Þat sverð hefir bezt komit til Nóregs.

Chapter 11

Haraldr konungr lifði þriá vetr síðan *er² hann hafði gefit Eiríki 18.6–13 /
 einvald ríkis *síns*; var hann þá á Hǫrðalandi eða Rogalandi at 161.2–7 /
 stórbúum *er hann átti.³ and 9–11

Eiríkr *konungr* ok Gunnhildr *gátu* son er Haraldr konungr iós
 vatni ok gaf nafn sitt. Sagði *hann* svá at sá skyldi konungr vera
 eptir Eirík fǫður sinn.

Haraldr konungr varð sótt dauðr á Rogalandi [. . .] *Haraldr* var
 heygðr á Haugum við Karmsund.

Chapter 12

Eiríkr konungr tók allar *konungs* tekiur ok *landsskyldir* um mitt 18.14–
 landit hinn næsta vetr eptir andlát Haralds konungs, en Óláfr 19.17 /
 konungr austr um Víkina, en Sigrǫðr bróðir þeira *hafði⁴ allt um 162.16–
 Þrændalög. Eiríki konungi *eirði* þetta stórilla, ok fóru þau orð um 164.9.
 at hann mundi með styrk eptir leita við bræðr sína at hann mætti
 fá einvaldsríki yfir ǫllu landi, sem faðir hans hafði gefit honum.
 En er Óláfr *konungr* ok Sigrǫðr spyria þetta, þá *fara sendimenn⁵
 í milli þeira. Því næst *gera⁶ þeir stefnulang sitt. Ferr Sigrǫðr
konungr um várit *landveg* austr til Víkr, ok finnaz þeir Óláfr
konungr í Túnsbergi. Dvǫlduz *þeir* þar um hríð.

Þat sama vár býðr Eiríkr út liði miklu ok skipum ok snýr austr
 til Víkr. Hann fekk svá mikit hraðbyri at hann sigldi dag ok nótt

¹ BC¹D²; styrkari A. ² C¹D²; ÷ AB. ³ BC¹D²; + þar D², sinum A.
⁴ BD²; ÷ AC¹. ⁵ BC¹D²; foro menn A. ⁶ BC¹D²; gerðu A.

ok fór engi niósn fyrir honum. Ok er hann kom til Túnsbergs, þá gengu þeir Óláfr ok Sigrøðr *með sitt lið¹ austr ór bænum á brekkuna ok fylkðu þar. Eiríkr hafði lið miklu meira, ok fekk hann sigr, en þeir Óláfr ok Sigrøðr fellu þar báðir, ok er þar haugr hvárstveggja þeira *á brekkunni² sem þeir lágu fallnir. Fór Eiríkr þá um Víkina *alla* ok lagði undir sik ok dvalðiz þar lengi sumars.

Tryggvi ok Guðrøðr flýðu til Upplanda.

Eiríkr var mikill maðr *vexti* ok fríðr, *styrkr at afli*, hreystimaðr mikill *ok hermaðr, sigrsæll ok ákafamaðr* mikill í skapi, grimmr, óþýðr ok fálátr. Gunnhildr kona hans var kvenna *fegurst,³ vitr ok margkunnig, glaðmælt ok undirhyggjumaðr mikill ok hin grimmasta. Þessi váru börn þeira Eiríks ok Gunnhildar: Gamli var elztr, Guthormr, Haraldr, Ragnfrøðr, Ragnhildr, Erlingr, Sigurðr slefa, Guðrøðr. Qll váru börn Eiríks fríð ok mannvæn.

Chapter 13

19.18– Hákon Aðalsteinsfóstri var *vestr* á Englandi þá er hann spurði
21.4/ andlát Haralds konungs föður síns. Bióz hann þá þegar til ferðar.
165.4– Fekk Aðalsteinn konungur honum lið ok góðan skipakost ok bió
167.8. hans ferð allvegliga. Kom hann um haustit til Nóregs. Þá spurði hann fall bræðra sinna ok þat at Eiríkr konungur var í Víkinni. Sigldi Hákon þá norðr til Þrándheims ok fór á fund Sigurðar Hlaðaiarls er allra spekinga var mestr í Nóregi. Fekk *hann* þar góðar viðtökur; bundu þeir *iarl* lag sitt saman; hét Hákon honum **at auka virðing hans* ef hann yrði konungur.⁴ Þá létu þeir stefna þing fiqlmennt. Ok á þinginu talaði *Sigurðr⁵ iarl af hendi Hákonar ok bauð bóndum hann til konungs. Eptir þat stóð Hákon upp síálfr ok talaði. Mæltu þat *sumir menn sín í millum* at þar væri kominn Haraldr *konungur* hinn hárfagri ok orðinn ungr í annat sinn.

Hákon hafði þat upphaf síns máls, at hann beiddi bændr at gefa sér konungs nafn ok þat með at veita sér styrk ok fylgð at halda konungdóminum. En þar í móti bauð hann þeim at gera alla bændr óðalborna ok gefa þeim óðql sín er á bioggu. At þessu erendi varð rómr mikill, svá at bóndamúgrinn æpði ok kallaði at þeir vildi hann til konungs taka, ok var svá gort at Þrændir tóku Hákon til konungs um *allan Þrándheim*. Þá var hann fimmtán vetra. Tók hann sér þá hirð ok fór yfir landit.

¹ BC¹D²; ÷ A. ² C¹D²; ÷ AB. ³ BC¹; uænst A, friduzst D². ⁴ BC¹D²; ef hann uyrði konungur at auka virðingh hans A. ⁵ BC¹D²; ÷ A.

Þessi tíðindi spurðuz á Upplönd, at Þrændir höfðu sér konung tekit slíkan at öllu sem Haraldr var hinn hárfagri, *útan* þat skilði at *Haraldr¹ hafði allan lýð í landi áþiáð ok þrælkat, en þessi Hákon vildi hverium manni gott ok bauð at gefa bóndum aprt óðól sín *öll* þau er Haraldr konungr hafði af þeim tekit. Við þau tíðindi urðu allir glaðir ok sagði hverr öðrum. Flaug þat sem sinueldr allt austr til landsenda. Fóru þá margir *menn* af Upplöndum at hitta Hákon konung; sumir sendu menn, sumir gerðu *orðsendingar² ok iartegnir ok allir til þess at þeir vildu geraz hans menn. Hann tók því þakksamliga.

Chapter 14

Hákon konungr fór öndverðan vetr á Upplönd; stefndi *hann* þar þing ok dreif allt fólk á hans fund þat er komaz mátti. Var hann til konungs tekinn á öllum þingum. Fór hann svá austr til Víkr. Þar kómu til hans Tryggvi ok Guðrøðr, bræðrasynir hans, ok margir aðrir þeir er upp tölðu harma sína er hlotit höfðu af Eiríki bróður hans. 21.5–17 / 167.10–168.11.

Eiríks óvinsæld óx því meir sem allir gerðu sér kærta við Hákon ok heldr höfðu sér traust at mæla sem þótti. Hákon *konungr³ gaf konungsnafn Tryggva ok Guðrøði ok ríki þat sem Haraldr konungr hafði gefit feðrum þeira. Tryggva gaf hann Ranríki ok Vingulmörk, en Guðrøði Vestfold. En fyrir því at þeir váru ungir ok bernskir, þá setti hann til gofga menn ok vitra at ráða landi með þeim. Gaf hann þeim land með þeim skildaga sem fyrr hafði verit at þeir skyldi hafa helming skylda ok skatta við hann.

Chapter 15

Þá er váraði fór Hákon konungr norðr til Þrándheims hit efra um Upplönd 21.18–19 / 168.11–13.

ok bauð út her miklum um allan Þrándheim ok réð til skipa. Víkveriar höfðu ok her mikinn úti ok ætluðu til móts við Hákon konung. Eiríkr *dró her saman* um mitt landit ok varð honum illt til liðs, þvíat ríkismenn margir skutuz honum ok fóru til *Hákonar.⁴ *En er hann sá engi sín efni til *viðrtöku* móti her Hákonar,⁵ þá 21.19–22.19 / 168.15–170.12.

¹ BC¹D²; hann A. ² BC¹D²; orð A. ³ C¹; ÷ ABD². ⁴ BC¹D²; motz við hak' A. ⁵ BC¹D²; ÷ A.

sigldi hann vestr um haf með *því liði¹ er honum vildi fylgia. Fór hann fyrst til Orkneyia ok hafði þaðan með sér lið mikit; þá sigldi hann suðr til Englands ok tók at heria. *En er þat spurði Aðalsteinn konungr, þá sendi hann menn sína til Eiríks ok bauð honum at taka af sér land í lén, lész þar vilia sína kosti til leggja at þeir Hákon deildi enga óhæfu. Eiríkr konungr þekktiz þann kost.* Fóru þá menn í milli konunganna ok samðiz þat með einkamálum at Eiríkr skyldi halda Norðimbraland af Aðalsteini konungi ok veria þar landit fyrir Dǫnum ok ǫðrum víkingum. Eiríkr skyldi láta skíraz *ok² kona hans ok börn ok allt lið þat er honum hafði þangat fylgt. Var Eiríkr þá skírðr ok tók trú rétta.

Norðimbraland er kallat fimmtungr Englands. Eiríkr hafði atsetu í Íórvík, þar sem menn segia at fyrr hafi setit Loðbrókarsynir. Norðimbraland var mest byggt Norðmönnum síðan Loðbrókarsynir unnu landit. Heriuðu þar optliga síðan Danir ok Norðmenn, er vald landsins hafði gengit undan þeim. Mǫrg heiti landsins eru þar gefin á norrœna tungu, sem *Grímsbær³ ok Hauksfliót ok mǫrg ǫnnur.

- 22.19– *En þvíat Eiríkr konungr hafði lönd lítil en helt þar fiöldu mikinn*
 23.4 / *Norðmanna er austan höfðu farit með honum, ok enn kómu margir*
 170.14– *vinir hans síðan af Nóregi, þá fór hann iafnan í hernað á sumrum.*
 171.3. *Hann heriaði um Skotland ok Suðreyiar, Írland ok Bretland ok*
aflaði sér svá fiár.

Chapter 16

- 23.5–24.5 / *Aðalsteinn konungr varð sótt dauðr. Þá hafði hann konungr verit*
 171.3– *fiórtán ár ok átta vikur ok þriá daga. Tók þá ríki ok konungdóm í*
 172.18. *Englandi Iátmundr bróðir hans. Hann var ekki vin Norðmanna.*
Var Eiríkr konungr ekki í kærleikum við hann. Fóru þá þau orð
um at Iátmundr konungr mundi annan höfðingia setia yfir
Norðimbraland. En er þat spurði Eiríkr konungr, þá fór hann í
Vestrvíking. Hann kom í Orkneyiar ok hafði þaðan með sér Arkel
ok Erlend sonu Torf-Einars. Fór hann þaðan í Suðreyiar, ok váru
þar margir víkingar ok herkonungar er réðuz til liðs með Eiríki.
Helt hann þá fyrst ǫllu liðinu til Írlands ok hafði þaðan enn lið

¹ D²; þat lið ABC¹. ² D²; ÷ ABC¹. ³ D²; grims sker A, Grimsker B, gorms sker C².

slíkt er hann fekk. Síðan fór hann til Bretlands ok heriaði þar sem í qðrum stöðum, en allt *mannfólk* flýði undan þar sem hann fór. Ok með því at Eiríkr var hreystimaðr mikill ok hafði *her mikinn,¹ þá treysti hann svá vel *liði sínu² at hann gekk langt á land upp ok heriaði. En Óláfr hét konungr sá er látmundr konungr hafði þar sett til landvarnar. Hann dró saman her óvígjan ok fór *í móti³ Eiríki konungi. Varð þar mikil orrosta *er þeir funduz*. Fellu miqk í fyrstu enskir menn. En æ þar sem einn fell kómu þrír í staðinn af landi ofan. Ok hinn efra hlut dagsins sneri mannfallinu á hendr Norðmönnum. Ok at lykðum fell þar Eiríkr konungr ok fimm konungar með honum. Þar fellu ok synir Torf-Einars *iarls*, Arnkell ok Erlendr. Varð þar allmikit mannfall af Norðmönnum, en þeir *sem* undan kómuz fóru til Norðimbralands ok sögðu Gunnhildi ok sonum hennar þessi tíðindi.

En er þau fréttu at Eiríkr konungr var fallinn ok hafði áðr heriat land *Iátmundar konungs*, þá þykkiaz þau vita at *þar mun ekki vera friðvænt.⁴ *Biqgguz* þau þá þegar brott af Norðimbralandi ok höfðu qll skip þau er Eiríkr konungr hafði átt; höfðu ok allt lið þat er þeim vildi fylgia ok óf lausafiár er dregiz hafði saman í sköttum þar á Englandi, en sumt hafði fengiz í hernaði. *Heldu* þau *síðan* til Orkneyia ok staðfestuz þar um hríð. Þar var þá iarl *yfir eyinum* Þorfinnr hausakliúfr son Torf-Einars. Tóku þá synir Eiríks undir sik Orkneyiar ok Hialtland ok höfðu skatta af, sátu *þeir* þar á vetrum, en fóru í vestrvíking á sumrum, heriuðu um Skotland ok Írland. Þess getr Glúmr Geirason í *Gráfeldardrápu*:

Hafði fqr til feriu
fróðr Skáneyiar góða
*blakkriðandi⁵ bakka
barnungr þaðan farna.
Rógeisu vann ræsir
randullr á Skotlandi
sendi seggia kindar
sverðbautinn her Gauti.

¹ BC²D²; lið mikit A. ² BC²D²; her sinum A. ³ BC²D²; a mot A.

⁴ C²; ecki man þeim þar friðsamligt A, þar mun ekki friðsamligt D².

⁵ C²; blackriðandi A, blakk ridanda D².

Dolgeisu rak dísar,
 drótt kom mǫrg á flótta,
 gumna vinr *at¹ gamni
 gióðum, írskrar þjóðar.
 Foldar rauð ok fellði
 freyr í manna dreyra
 sverð, var sigr of orðinn,
 seggi mækis eggjar.

Chapter 17

25.9–26.14/ Hákon konungr Aðalsteinsfóstri lagði undir sik Nóreg allan þá er
 174.14– Eiríkr bróðir hans hafði brott flýit. Sat *hann* hinn fyrsta vetr norðr
 176.10. í *Þrándheimi*. En fyrir því at ekki þótti friðvænligt ef Eiríkr
 konungr leitaði vestan um haf með her sinn, þá sat Hákon konungr
lengstum með lið sitt um mitt landit, í Firðafylki, í Sogni, á
 Hǫrðalandi eða Rogalandi. Hann setti Sigurð Hlaðaiarl yfir ǫll
 Þrændalǫg, svá sem hann hafði fyrr haft ok Hákon faðir hans af
 Haraldi konungi hinum hárfagra.

En er Hákon konungr spurði fall Eiríks konungs bróður síns ok þat at synir hans hǫfðu ekki traust í Englandi, þá þótti honum lítil ógn af þeim standa. Fór *hann* þá með *lið sitt* á einu sumri austr í Vík. Í þann tíma heriuðu Danir miðk í Víkina ok gerðu þar opt mikinn skaða. En er *Danir* spurðu at Hákon konungr var þar kominn með mikinn her, þá flýðu *þeir* undan, sumir suðr til Hallands, en þeir er *nærri* váru Hákon konungi stefndu út á haf ok svá suðr til Íótlands. En er Hákon konungr varð þess varr, þá sigldi hann eptir þeim með allan her sinn ok *þegar* er hann kom til Íótlands *heriaði* hann þar. Ok *þegar* landsmenn urðu við varir, þá *drógu* þeir her saman ok *vildu* veria landit. Réðu *þeir* til *bardaga* við Hákon konung ok varð þar mikil orrosta. Hákon konungr barðiz svá diarfliga at hann var fyrir framan merki ok hafði hvárki hiálm né bryniu. Hákon konungr hafði sigr ok rak flóttann langt á land upp. Svá *segir* Guthormr sindri í Hákonardrápu:

Bifrǫknum trað bekkjar
 blárǫst konungr árum;
 mætr hlóð mildingr *Íótum²
 mistar vífs í drifu.

¹ C²D²; af A. ² C²D²; ytum A.

Svangœðir rak síðan
 sótt ialfaðar flóttu
 hrót gyliaðar hylia
 hrafnvíns at mun sínum.

Chapter 18

Síðan helt Hákon konungr sunnan *her sínum* til Selunds ok leitaði 26.15–
 víkinga. Hann reri með tvær snekkiur fram í Eyrarsund. Þar hitti 27.4 /
 hann ellefu víkingasnekkjur ok lagði þegar til orrostu við þá, ok 176.12–
 lauk svá at hann hafði sigr ok hrauð öll víkingaskipin. Svá segir 177.8.
 Guthormr sindri:

Almdrósar fór eisu
 élrunnr mörum sunnan
 triónu tingls á grœna
 tveim einum selmeina,
 þá er ellifu allar
 allreiðr Dana skeiðar
 valsendir hrauð vandar,
 víðfrægr at þat síðan.

Eptir þat heriaði Hákon *konungr¹ víða um Selund, rænti *fólkit*, 27.5–22 /
 en drap sumt. Sumt hertók hann. Hann tók giöld stór af sumum 177.10–
 ok fekk þá enga viðstöðu. Svá segir Guthormr: 178.12.

Selund náði þá síðan
 sóknheggr und sik leggja,
 vals ok vinda frelsi
 víð Skáneyiarsíða.

Því næst fór Hákon konungr austr fyrir Skáneyiarsíðu ok heriaði
 allt, tók skatta ok *giöld² af landinu, en drap víkinga hvar sem
 hann fann, Dani ok Vinðr. Hann fór allt austr fyrir Gautland ok
 heriaði. Fekk *hann* þar stór giöld af landinu. Svá segir Guthormr:

Skattgilda vann skyldir
 skautialfaðar Gauta.
 Gullskýflir vann giöflastr
 geirveðr í fgr þeiri.

¹ C²; ÷ AD². ² C²; gjald A, skylldur D².

Hákon konungr fór aprt um haustit með liði sínu í *Víkina* ok hafði fengit ógrynni fiár. Sat hann *þann vetr¹ í Víkinni við áhlaupum *ef Danir gerði eða Gautar.²

- 27.22– Þat sama haust kom Tryggvi *konungr³ Ólafsson ór Vestrvíking
28.13 / ok hafði hann þá áðr heriat um Írland ok Skotland. Um várit fór
178.14– Hákon konungr norðr í land, en setti Tryggva konung *bróðurson⁴
179.10. sinn yfir Víkina at veria fyrir ófriði ok eignaz slíkt er hann *mætti⁵
af þeim lǫndum í Danmǫrk er Hákon konungr hafði skattgilt hit
fyrra sumarit. Svá segir Guthormr sindri:

Ok sóknhattar setti
svellióðr at því flióði
Ónars, eiki grœnu,
austr geðbœti *hraustan,⁶
þann er áðr frá Írum
íðvandr of kom skíðum
salbrigðandi Sveigðis
svanfanga liði þangat.

Chapter 19

- 28.14– Haraldr konungr Gormsson réð þann tíma fyrir Danmǫrk. Honum
29.24 / líkaði stórilla er Hákon konungr hafði heriat á land hans ok ríki,
179.12– ok fóru þau orð um at Danakonungr mundi þess hefnaz. En þat
181.12. varð þó ekki svá bráðliga.

Nú sem Gunnhildr ok synir hennar spurðu til *Orkneyia* at ófriðr var milli Danmerkr ok Nóregs, þá *byriðu* þau ferð sína vestan ok giptu áðr Ragnhildi dóttur Eiríks ok Gunnhildar Arnfinni syni Þorfinns iarls hausakliúfs. Settiz þá enn Þorfinnr iarl at Orkneyium er Eiríkssynir fóru brott. Gamli Eiríksson var nokkuru þeira elztr, ok var hann þó *enn* eigi þá roskinn maðr.

En er Gunnhildr kom með sonu sína til Danmerkr fóru þau þegar á fund Haralds konungs ok fengu þar góðar viðtǫkur, ok fekk konungr þeim veizlur í ríki sínu svá miklar at þau fengu vel haldit sik ok menn sína. En *Haraldr konungr* tók til fóstres Harald Eiríksson ok knésetti hann. Fæddiz hann upp í hirð Danakonungs.

¹ C²D²; þar A. ² C²D²; dana e. gauta A (*same as Fríssbók*). ³ C²D²; ÷ A.

⁴ D²; bróður A, frænda C². ⁵ C²; matti AD². ⁶ C²D²; hraustum A.

Eiríkssynir váru í hernaði þegar þeir höfðu aldr til ok ofluðu sér svá fiár, heriuðu um Austrveg. *Allir* váru þeir menn fríðir ok fyrr rosknir at afli ok atgervi en vetra tali. Þess getr Glúmr Geirason í Gráfeldardrápu:

Austrlǫndum fórz undir
allvaldr sá er gaf skaldum,
hann fekk gagn at gunni,
gunnhǫrga sløg mǫrgum.
Slíðrtungur lét *syngia¹
sverðleiks reginn, *ferðar*
sendi gramr at grundu
gullvarpaðar snarpar.

Eiríkssynir, *sem þeir létu af hernaði í Austrveg*, sneruz þeir með *lið sitt* ofan í Víkina ok heriuðu þar. En Tryggvi konungr hafði her úti ok helt til móts við þá. Þeir áttu margar orrostur ok höfðu ýmsir sigr. Heriuðu Eiríkssynir stundum í Víkina, en Tryggvi *konungr heriadi* stundum um Halland ok *Siólǫnd.²

Chapter 20

Þá er Hákon var konungr í Nóregi var þar friðr góðr með bǫndum ok kaupmǫnnum, svá at engi grandaði oðrum né annars fé. Þá var 30.1–14 /
181.14–
182.11.
ár mikit bæði á síá ok á landi. Hákon konungr var allra manna glaðastr ok málsniallastr ok lítillátastr. Hann var maðr stórvitr ok lagði mikinn hug á lagasetning. Hann setti Gulapingslög með ráði Þorleifs spaka; hann setti ok Frostapingslög með *ráði³ Sigurðar iarl ok annarra Þrænda þeira er vitrastir váru. En Heiðsævislög hafði fyrst sett Hálfðan svarti.

Hákon konungr þá íólaveizlu í Þrándheimi er Sigurðr iarl hafði búit honum á Hlǫðum. Hina fyrstu íólanótt *fæddi* Bergliót kona iarl sveinbarn. En eptir um daginn íós Hákon konungr þann svein vatni ok gaf nafn sitt. Sá sveinn óx upp ok varð síðan ríkr maðr ok gǫfugr ok *tók síðan ríki ok iarldóm* eptir fǫður sinn. Sigurðr iarl var hinn kærasti vin Hákonar konungs.

¹ C²D²; slyngia A. ² D²; skotland C². -lǫnd abbreviated in A, can be read either -land or -lǫnd. ³ C²D²; ÷ A.

Chapter 21

30.15– Hákon konungr var vel kristinn er hann kom í Nóreg. En fyrir því
 31.18 / at þar var land allt heiðit ok blótskapr mikill, stórmenni mart, en
 185.2– hann þóttiz miðs liðs þurfa ok alþýðu *vinganar*, þá tók hann þat
 186.11. ráð at fara leyniliga með kristninni, helt *heilagt dróttinsdaga*, en
fastaði föstudaga ok *gerði* minning hinna stærstu hátíða. Hann
 setti þat í lögum at hefia íólahald þann tíma sem kristnir menn, ok
 skyldi þá hverr maðr eiga mælisöl, en gjalda fé *elligar*, ok halda
 heilagt meðan **qlit*¹ ynniz, en áðr var íólahald hafit hokunótt, þat
er miðsvetrarnótt, ok *váru þá* haldin þriggia náttu íól. Ætlaði
konungr þá er hann festiz í landinu ok hann hefði friálsliga undir
 sik *tekit* allt *ríkit* at hafa fram *kristniboðit*. Gørði hann ok svá, at
 hann lokkaði þá menn fyrst er honum váru kærastir til kristninnar.
 Kom svá með vinsæld hans ok *umtqlum* at margir menn létu skíraz.
 Sumir létu af blótum.

Hákon konungr sat lögum í Þrándheimi, þvíat þar var mestr
 styrkr landsins. *Nú sem* Hákon konungr þóttiz hafa styrk af
 nokkurum ríkismönnum at halda upp kristninni, þá sendi hann til
 Englands eptir byskupi ok öðrum kennimönnum. Ok er þeir kómu
 í Nóreg, þá gerði konungr bert at hann vill bióða kristni um allt
 *land². En Mærir ok Raumdælir skutu *þangat* sínu máli sem
 Þrændir váru. Hákon konungr lét þá vígia kirkiur nokkurar ok
 setti þar presta til. En er hann kom *norðr* í Þrándheim, þá stefndi
 hann þing við bændr ok bauð þeim kristni. Þeir *svoruðu* svá at
 þeir *vildu* þessu máli skióta til Frostapings, vilia þá at þar komi
 menn ór qllum fylkium þeim er í Þrændalögum eru, segia at þá
 munu þeir svara þessu vandmæli.

Chapter 22

31.19– Hákon konungr kom til Frostapings, ok var þar komit allfiqlmennt
 32.13 / af bóndum. En er *þingit* var sett, þá talaði Hákon konungr; *hann*
 188.8– hóf svá:
 189.8. ‘Þat er boð *mitt* ok bæen við *alla yðr* bændr ok búþegna, ríka ok
 óríka ok þar með alla alþýðu, unga menn ok gamla, *sæla* ok
 **vesala*,³ konur sem karla, at allir menn skulu kristnaz láta ok
 trúa á einn guð, Krist Máfúson, en hafna blótum qllum ok heiðnum

¹ C²D²; iolin A. ² C²D²; landít A. ³ C²D²; fataka A.

goðum, halda heilagt hinn siaunda hvern dag við vinnum öllum, fasta ok hinn siaunda hvern dag.’

En þegar er konungr hafði þetta upp borit fyrir alþýðu, þá varð þegar kurr mikill *af bóndum* um þat er konungr vildi taka vinnur af þeim, *sogðu* at við þat mátti landit eigi byggja. En *vinnumenn* ok þrælar *kurruðu um* þat at þeir mætti eigi vinna ef þeir skyldi eigi mat hafa, *sogðu* ok at þat var skaplöstr Hákonar konungs ok *Haralds* föður hans ok þeira frænda ok *forellra* at þeir váru illir af mat, *þó at* þeir væri mildir af gulli.

Chapter 23

Ásbiörn hét einn ríkr maðr; hann bió at Meðalhúsum í Gaulardal. 32.14–
 Ásbiörn stóð upp ok svaraði erendi konungs með þessum hætti: 33.18 /
 ‘Þat hugðum vér bændrnir, Hákon konungr, þá er þú hafðir hit 189.8–
 fyrsta¹ þing átt hér í Prándheimi ok vér höfðum þik til konungs 190.18.
 tekit ok þegit af þér óðql vár, at vér hefðim þá höndum himin
 tekit. En nú vitum vér eigi hvárt heldr er at vér munum frelsit
 þegit hafa eða muntu nú vilia þrælka oss at nýiu ok þó með
 undarligum hætti, er þú vill at vér hafnim átrúnaði þeim er várir
 feðr ok allt forellri *hefir haldit* fyrir oss, fyrst um brunaöld ok nú
 um haugaöld, ok hafa þeir verit *margin* miklu gofgari en vér, ok
 hefir oss þó dugat þessi átrúnaðr. Vér höfum lagt til þín mikinn
ástarhug, svá at vér höfum látit þik ráða með oss öllum lögum ok
 landsrétt. Nú er þat vili vár *bónða* ok samþykki at *hafa ok* halda
 þau lög er þú settir *oss² hér á Frostapingi ok vér iátuðum þér þá.
 Vilium vér allir þér fylgia ok þik til konungs halda meðan einn
 hverr vár *bóndanna* er lífs, sem nú *erum* hér á þinginu, ef þú,
 konungr, vill nokkut hóf við hafa at beiða oss þess *eina* at vér
 megim veita þér ok oss sé eigi ógeranda. En ef þú vill þetta mál
 taka með svá mikilli freku at deila afli ok ofríki við oss, þá höfum
 vér gort ráð vart at skiliaz allir við þik ok taka oss annan höfðingia
 *þann er oss haldi³ til þess at vér *megim í frelsi hafa⁴ þann átrúnað
 sem vér vilium. Skaltu nú, konungr, kíósa um þessa kosti áðr
 þinginu sé slitit.’

At erendi þessu gerðu bændr róm mikinn ok *sogðu* at þeir *vildu*
 svá vera láta sem *Ásbiörn hafði talat*. Varð at þessu mikit háreysti.

¹ + sinn A. ² BC²D²; ÷ A. ³ BC²; þann er oss D², ÷ A. ⁴ BC²; halldim
 i frelsi A, hafa med frelse D².

33.18–34.9/ En er hlióð fekkz *mælti* Sigurðr iarl: ‘Pat er vili Hákonar konungs
191.2–13. at samþykkia allt við *yðr¹ bœndr ok láta aldri skília yðra vináttu.’
Bœndr segia at þeir *vilja at konungr blóti² til árs þeim ok friðar,
svá sem faðir hans gerði. Staðnaði þá kurrinn, ok slitu þeir við
þetta þingit.

Síðan talaði Sigurðr iarl við konunginn ok bað hann eigi *neita*
með öllu at gera sem bœndr vildu, ‘*þvíat eigi mun annat hlýða,*
sagði hann.’ Er þetta sem þér megit heyra síálfir, konungr, *ákafi³
höfðingia ok þar með alls fólks. Skulu vit,’ *segir iarl,* ‘finna hér
til nokkut gott ráð.’

Samðiz *þetta* með þeim konungi ok *Sigurði* iarli.

34.9–35.10/ Um haustit at vetrnóttum var blótveizla *mikil* at Hlōðum ok sótti
191.15– þar til konungr. Hann hafði iafnan vanr verit, ef hann var þar staddr
193.5. sem blót váru, at mataz í litlu húsi við fá menn. En bœndr tölðu at
því er hann sat eigi í háseti sínu, þá er mestr var *mannfagnaðr;⁴
sagði iarl at hann skyldi þá eigi svá gera, ok svá var, at konungr
sat í háseti sínu.

En er hit fyrsta full var skenkt, þá mælti Sigurðr iarl fyrir ok
signaði Óðni; drakk *hann* af horninu til konungs. Konungr tók
við ok gerði krossmark yfir. Þá mælti *sá maðr er hét Kárr* af
Grýtingi: ‘Hví ferr konungrinn nú svá? Vill hann enn eigi blóta?’
Sigurðr iarl svaraði: ‘Konungr gerir sem allir *aðrir* þeir *sem* trúa
á mátt sinn ok megin, at signa full sín Þór; hann gerði hamar yfir
áðr hann drakk.’ Var þá kyrrt um kveldit.

Eptir um daginn er menn gengu til borða, þá þustu bœndr at
konungi, *sögðu at hann skyldi eta hrossakiot.⁵ Konungr vildi þat
fyrir engan mun *gera*. Þá báðu þeir hann drekka soðit. Hann vill
þat *víst* eigi. Þá báðu þeir hann eta flotit, *en konungr* vill þat ok
eigi. Var þá ok *búit* við atgöngu. Sigurðr iarl *gekk at ok* vildi sætta
þá, bað *hann bœndr* hætta storminum; *mælti hann þá at konungr*
mundi gína yfir ketilhōdduna er soðreykinn hafði á lagt af
hrossakiotinu, ok var haddan *orðin feit*. Konungr gekk til ok brá
lindúk um hōdduna ok gein yfir. Gekk hann síðan til sætis *síns*,
ok líkaði hvárigum vel.

¹ BC²D²; ÷ A. ² BC²D²; uildi . . . blotaði A. ³ BC²D²; akafa A. ⁴ Hkr;
mann fundr ok fagnaðr ABC², mestir voru mann fundir ok fagnadr D²
(‘ok’: *et-aut correctio in* *A). ⁵ BC²; ok baðu hann eta kiot A, beiddu
hann eta rossa kiot D².

Um vetrinn eptir var búit til íólaveizlu konungi inn á Mærinni. En er at leið íólunum, þá lögðu stefnu með sér átta höfðingjar þeir er mest réðu fyrir blótum í öllum Þrændalögum. Þessir váru fiórir útan ór Þrándheimi: Kárr af Grýtingi, Ásbiörn af Meðalhúsum, Þorbergr af Varnesi, Ormr af Lioxu. En þessir af Innþrændum: Bótólfr af Ölvishaugi, Narfi af Staf í Veradal, Þrándr haka af Eggju, Þórir skegg af Húsabœ í Eynni iðri. Þessir átta menn bunduz í því at þeir fiórir af Útþrændum skyldu eyða kristninni, en *hinir* fiórir af Innþrændum skyldu neyða *konunginn* til blóta. Fóru þá Útþrændir fiórum skipum suðr á Mæri ok drápu þar presta þriá ok brenndu¹ þriár kirkiur; fóru aþtr síðan. En er Hákon konungr ok Sigurðr iarl komu inn á *Mærinni² með *hirðsveitir sínar*, þá váru þar bændr komnir allfiqlmennt. *Hinn fyrsta dag *veizlunnar*³ veittu þeir konungi atgöngu ok báðu hann blóta, en hétu honum ella afarkostum. Sigurðr iarl bar sáttmál *milli* þeira. Kom þá svá *um síðir* at konungr át nøkkura bita af hrosslifr ok drakk öll minni krossalaust þau er bændr skenktu honum.

En er veizlu þeiri var lokit fóru konungr ok iarl þegar út á Hlaðir. Konungr var allókátr ok bióz þegar með öllu liði sínu á brott ór Þrándheimi ok *sagði* svá at hann skyldi fiqlmennari þar koma í annat sinn ok gjalda þá Þrændum þenna fiándskaþ er þeir höfðu til hans gört. Sigurðr iarl bað konung eigi gefa Þrændum þetta at sök, *sagði iarl* svá at konungi mundi ekki þat duga at hataz eða heria á innanlandsfólk ok þar *einna sízt sem* mestr var styrkr landsins sem í Þrándheimi var. Konungr var svá reiðr at ekki mátti orðum við hann koma. *Konungr fór þá út eptir firði* ok suðr á Mæri; *dvalðiz hann* þar um vetrinn ok um várit. En er sumraði dró hann lið at sér, ok *váru þau⁴ orð á at hann mundi fara með her þann á hendr Þrændum.

Chapter 24

Hákon konungr var nú kominn á skip *sín* ok hafði lið mikit ok *frítt*. Þá kómu honum þau tíðindi sunnan ór landi at synir Eiríks konungs váru komnir af Danmörku í Víkina ok höfðu elt af skipum Tryggva konung Óláfsson austr *við Sótanes;⁵ höfðu þeir þá heriat víða um Víkina ok hafði *fiqlði fólks* gengit undir þá. En er Hákon

¹ + þar A. ² B; mærina A, mæri C²D². ³ *punctuation after* allfiqlmennt C², *after* veizlunnar A. ⁴ B; var þat AC²D². ⁵ BC²; til sotaness AD².

konungr spurði þetta, þá þóttiz hann liðs þurfa. Sendi hann þá orð Sigurði iarli ok öðrum höfðingjum þeim er honum *var¹ liðs at ván. Sigurðr iarl kom til Hákonar konungs með allmikit lið; váru þar þá með honum allir Þrændir þeir er um vetrinn höfðu mest gengit at konungi at pynda hann til blóta. Váru þeir þá allir í sætt teknir af fortölum Sigurðar iarls. Fór Hákon konungr þá suðr með landi. En er hann kom suðr um Stað, þá spurði hann at Eiríkssynir váru komnir á Norðr-Agðir. Fóru þá hvárir mót öðrum. Varð fundr þeira í Kormt. Gengu *þá² hváirtveggju af skipum ok bryðuz á Ögvaldsnesi. Höfðu hváirtveggju allmikinn her. Þar varð orrosta allsnorp. Hákon konungr sótti fast fram þar sem fyrir var Guthormr konungr ok sveit hans, ok áttuz þeir höggvaskipti við konungarnir. Þar fell Guthormr konungr, ok var merki hans niðr höggvit. Fell þar þá mart lið um hann. Því næst kom flótti í lið Eiríkssona; flýðu þeir til skipanna ok reru í *brott³ *ok höfðu⁴ látit lið mikit. Þess getr Guthormr sindri í Hákonardrápu:

Valþognar⁵ lét vegnum
vínestr saman bresta
handar vafs of höfðum
hlymmildingum *gildir.⁶
Þar gekk Niqrðr af Nirði
nadds hámana raddar
valbrands víðra landa
vápnunduðum sunda.

Hákon konungr fór til skipa sinna ok helt austr eptir Gunnhildarsonum; fóru þá hvárir sem mest máttu, þar til er þeir kómu á Austr-Agðir; sigldu þá Eiríkssynir á haf ok suðr til Íótlands. Svá segir Guthormr sindri:

Almdraugar varð ægis
opt sinn, en ek þess minnumz,
barma öld fyrir Baldri
bensíks vita ríkis.

¹ BC¹D²; þotti A. ² BC¹D²; þar A. ³ D²; brottu ABC¹. ⁴ B; höfðu þeir AC¹, ÷ D². ⁵ AC¹; Valþagnar B, Valþeggnar D². ⁶ gildir B, gillðar AC¹, gillde D².

Bøðsækir helt bríkar,
bræðr síns, ok rak flæðu
undan allar kindir
Eiríks á haf *skeiðum*.

Síðan fór Hákon konungr norðr aprt í Nóreg, en Eiríkssynir
dvöldu þá enn í Danmörk langa hríð.

Chapter 25

- Þá er Hákon hafði konungr verit *í¹ Nóregi tuttugu vetr, 38.19 /
199.9–10.
- Þá var *hann staddr* á Sunnmæri í ey þeirri er *Freiða hét* þar sem 38.19–39.3/
heitir Birkiströnd at búi sínu. *Hann hafði með sér ekki meira lið* 200.19–
en hirð sína ok bæendr þá er váru í boði hans. 201.4.
- Kómu honum *þá niðsnir* at *Eiríkssynir² váru *komnir norðr um* 39.3–4 /
Stað með *allmikinn* her. 201.6–8.
- Helt Hákon konungr þegar til móts við þá með slíkt lið sem hann* 39.5–21 /
fekk. Hann hafði níu skip, en Eiríkssynir meir en tuttugu skip. Cf. 203.3–
Þeir funduz í Féeyiarsundi við Freidarberg. Gengu hváirtveggju 207.2.
á land ok bõrðuz á Rastarkálfi. Hákon konungr gekk svá hart
fram í orrostu þessi at hann hió til beggia handa, en hlífði sér
ekki, sem segir Guthormr sindri:

Hræddr fór hiqrvá raddar
herr fyrir malma þverri.
Rógeisu gekk ræsir
ráðsterkr framarr merkium.
Gerra gramr í snerru
geirvífa sér hlífa,
hinn er yfrin gat iqfra
óðs kvánar byr mána.

¶ Þar fell Gamli³ Eiríksson, en Hákon fekk sigr.⁴ Flýðu Gunnhildar-
synir með sitt lið þat er undan komz enn suðr til Danmerkr.

¹ BC¹D²; yfir A. ² BC¹; gunnhildar s(ynir) AD². ³ + konungr A.
⁴ Þar — sigr] BC¹D²; after Rastarkálfi (line 16) A.

Chapter 26

40.1–42.10/ Þá er Hákon Aðalsteinsfóstri hafði verit konungr *at¹ Nóregi sex
208.5– vetr ok tuttugu síðan Eiríkr bróðir hans fór ór landi tók konungr
211.7. veizlu á Hǫrðalandi í Storð á Fitium. Hafði hann þar hirð sína ok
bændr marga í boði sínu. *Þar var þá með honum Eyvindr frændi
hans, son Finns skiálga, er kallaðr var skáldaspillir.*

*Þá er Hákon konungr sat *yfir² dagverðarborði sá varðmenn er
úti vǫru at skip mǫrg sigldu sunnan ok áttu eigi langt til eyjarinnar.
Þá mælti hverr við annan at segia skyldi konungi at þeir hugðu at
herr færi at þeim. En engum þótti dælt at segia konungi hersǫgu,
þvíat hann hafði mikit við lagt hverium er þat gerði, ef eigi vissi
víst. Þeim þótti ok óhæfa at konungr yrði þessa eigi varr. Gekk þá
einn þeira inn í stofuna ok mælti til Eyvindar Finnssonar: ‘Gakk
út skiótt, þvíat hin mesta nauðsyn er á.’ Eyvindr gekk, ok þegar
hann mátti síá seglin kenndi hann at herskip vǫru. Hann sneri
þegar aprt í stofuna, gekk fyrir konung ok mælti: ‘Lítill er líðandi
stund, en löng matmáls stund.’ Konungr leit móti honum ok mælti:
‘Hvat ferr?’ Eyvindr kvað:*

Blóðþoxar tíá beiða
brynþings fetilstinga,
oss gøraz hneppt, hins hvassa
hefnendr, setu efni.
Heldr er vant, en ek vilda
veg þinn, konungr, segia,
fám til fornra vápna
fliótt, hersǫgu dróttni.

Konungr svarar: ‘Ert þú drengr svá góðr, Eyvindr, at eigi muntu
hersǫgu segia nema sǫnn sé.’ Þá svǫruðu margir at sú *hersaga*
var sǫnn. Lét þá konungr taka upp borðin; gekk hann út ok sá til
skipanna; *kenndi hann þegar* at þat vǫru herskip. *Konungr* mælti
þá til sinna manna: ‘Hvart skal nú ráð *hafa* at beriaz með lið þat
er *vér hǫfum*, eða skal ganga til skipa ok sigla norðr undan? Er
oss þat auðsætt ef *vér beriumz* at vér munum nú *eiga* at *etia* við
liðsmun miklu meira en *nǫkkurt sinn* fyrr, ok hefir oss þó opt þótt
misiafnaðr liðs várs þá er *vér hǫfum* *orrostu³ átt við Gunnhildar-
sonu.’ Hér veittu menn ekki skiótan órskurð. Þá svaraði Eyvindr:

¹ D²; yfir A. verit — at] radit BC¹. ² C¹; at ABD². ³ D²; orrostor C¹, ÷ A.

Samira norðr en norðarr
 naddregns hvotum þegni,
 vér getum bili at þolva,
 borðmærar *skæ¹ færa.
 Nú er þat er *røkr² á Rakna
 rymleið flota breiðan,
 grípum vér í *greipar³
gunnbráðr, Haraldr sunnan.

Konungr svarar: ‘*Hreystiliga* er þetta mælt, Eyvindr, ok nær mínu skaplyndi. En þó vil ek heyra fleiri manna órskurð um þetta mál.’ En er menn þóttuz skilia *konungs vilia*, þá sögðu margir at heldr vildu falla með drengskap en flýa fyrir Dönum at óreyndu. Sögðu ok svá at þeir höfðu opt *sigras* þá er þeir höfðu bariz *með minna liði en nú höfðu þeir*. Konungr þakkaði þeim orð sín ok bað menn vápnaz, ok var svá gert. *Konungr herklæddiz; hann hafði hringa-bryniu ok var gyrðr sverðinu Kvernbit, hafði hiálm gullroðinn á höfði, kesiu í hendi ok skiöld á hlið. Síðan fylkði hann hirð sinni ok bóndum ok setti upp merki sitt.*

Chapter 27

Haraldr Eiríksson var *þá⁴ höfðingi fyrir liði þeira bræðra eptir 42.11–17 / fall Gamla. Þeir bræðr höfðu nú mikinn her. Váru þar í liði með 212.9–17. þeim móðurbræðr þeira, Eyvindr skreyia ok Álfr askmaðr; þeir váru menn *sterkir⁵ ok hinir mestu *illgerðamenn*. Eiríkssynir heldu skipum sínum til eyiarinnar, gengu á land *upp⁶ ok fylkðu, ok er svá *kallat* at eigi væri minni liðsmunr en sex *mundu⁷ vera þeira menn um *Hákonar mann* einn.

Chapter 28

Hákon konungr hafði þá fylkt liði sínu, ok segia menn at hann 42.18–19 / steypði af sér bryniunni áðr orrostan *tækiz*. 212.2–4.

Hákon konungr valði miðk menn með sér í hirð at afli ok hreysti, 42.19– svá sem gort hafði Haraldr konungr faðir hans. Þar var *þá með* 43.16 / *konungi Þórálfr hinn sterki Skólmsson* ok gekk á aðra hlið konungi. 213.1–21.

¹ *written* ske A; skir C¹, skór D². ² *written* reykr C¹; raukr A, rykr D².
³ C¹D²; greipum A. ⁴ C¹; ÷ AD². ⁵ D²; styrkir AC¹. ⁶ C¹; ÷ AD². ⁷ C¹; mundi AD².

Hann hafði hiálm ok skiöld, kesiu ok sverð þat er kallat var Fetbreiðr. Þat var mælt at þeir Hákon konungr væri iafnsterkir. Þessa getr Þórðr Siáreksson í drápu þeiri er hann orti um Þórálfr:

Þar er bõðharðir bõrðuz
bands iódraugar landa
lystr gekk herr til hiqirva
hnits í Storð á Fitium,
ok *gimslongum* ganga
gífrs hlémána drífu
nausta blakks hit næsta
Norðmanna gram þorði.

En er fylkingar gengu saman *var fyrst* skotit spiótum, *því næst* brugðu menn sverðum. *Gerðiz þá orrostan* óð ok mannskæð. Hákon konungr ok Þórálfr *gengu þá* fram um merkin ok hioggu til beggia handa.

43.16–19/ Hákon konungr var auðkenndr, meiri en aðrir menn, lýsti ok *miqk*
214.9–12. af *hiálmi hans* er sólin skein á. *Þá varð* vápnaburðr mikill at *honum.¹ Tók þá Eyvindr Finnsson hatt *einn* ok setti yfir hiálm konungsins.

43.19– Þá kallaði hátt Eyvindr skreyia: ‘Leyniz *Norðmanna konungrinn
45.17/ nú,² eða hefir hann flýit, *þvíat horfinn* er nú gullhiálmrinn.’
214.14– Eyvindr ok Álfr bróðir hans *gengu þá hart* fram *svá* sem óðir ok
217.16. galnir væri, hioggu til beggia handa. *Þá* mælti Hákon konungr hátt til Eyvindar: ‘Haltu *svá* fram stefnunni, ef þú vill finna³ Norðmanna konung.’ Var þá skammt at bíða at Eyvindr kom þar, reiddi upp sverðit ok hió til konungs. Þórálfr skaut við honum *Eyvindi* skildinum *svá at hann* stakaði við. Konungr tók *þá* tveim hõndum sverðit Kvernbit ok hió til Eyvindar, klauf hiálminn ok hõfuðit allt í herðar niðr. *Í því bili* drap Þórálfr Álfr askmann. Svá segir Eyvindr skáldaspillir:

Veit ek at beit hinn bitri
byggving meðaldyggvan
bulka skíðs ór báðum
benvõndr konungs hõndum.

¹ C¹D²; konungi A. ² C¹; hann nú norðmanna konungr A, nu nordmanna konungrinn D². ³ + hann A.

Ófælinn klauf ála
 *Éldraugr¹ skqr hauga
 gullhiqltuðum galtar,
 *grandaðr² Dana, brandi.

Eptir fall þeira bræðra gekk Hákon konungr svá hart fram at allt *fólk³ hrökk fyrir honum. Sló þá felmt ok flótta á lið Eiríkssona, en Hákon konungr var í qndverðri sinni fylking ok fylgði fast flóttamönnum ok hió títt ok hart. Þá fló qr ein er fleinn er kallaðr ok kom í hqnd Hákonu konungi *upp⁴ í músina fyrir neðan qxl, ok er þat margra manna sqgn at skósveinn Gunnhildar sá er Kispingr er nefndr hlióp fram í þysinum ok kallaði: 'Gefi rúm konungsbananum,' ok skaut þá *fleinum⁵ til konungs, en sumir segia at engi vissi hvern skaut. Má þat ok vel vera, fyrir því at qrvar ok spiót ok *allskonar⁶ skotvápn flugu svá þykkt sem drífa. Fiqlði manns fell þar af Eiríkssonum, en konungarnir allir komuz á skipin ok reru þegar undan, en Hákonar menn eptir þeim. Svá segir Þórðr Siáreksson:

Varði víga myrðir
 vítt, svá skal frið slíta,
 iqfur vildu þann eldaz,
 qndvert folk, *at⁷ lqndum.
 Starf hófz upp þá er arfi
 ótta vanr á flótta
 gulls, er gramr var fallinn,
 Gunnhildar kom sunnan.

Þrot var sýnt þá er settuz
 sinn róðr við þrom stinnan,
 maðr lét qnd ok annarr
 ófár, *búendr⁸ sárir.
 Afreks veit þat er iqfri
 allríkr í styr slíkum
 qndlar niqrðr, sá er gerði,
 gekk næst, hugins drekku.

¹ D²; eldraugar AC¹. ² C¹D²; grandraðr A. ³ C¹D²; ÷ A. ⁴ C¹D²; uppi A. ⁵ C¹; fleinum A, fleinum D². ⁶ C¹D²; qnur A. ⁷ C¹D²; æ A. ⁸ C¹; bændr A. *The stanza is omitted in D².*

Chapter 29

45.18– Hákon konungr gekk út á skeið sína, lét þá binda sár sitt, en þar
 46.14 / rann blóð svá mið at eigi varð stöðvat. Ok er á leið daginn ómætti
 217.18– konung. Sagði hann þá at hann vill fara norðr á Alreksstaði til bús
 219.5. síns. En er þeir kómu norðr at Hákonarhellu, *þá¹ lögðu þeir þar
 at *landi*. Var konungr þá nær lífláti. Kallaði hann þá til sín vini
 sína ok sagði þeim skipan þá *sem* hann vildi á gera um ríkit. Hann
 átti dóttur eina barna er Þóra hét, en engan son. Bað hann senda
 þau orð Eiríkssonum at þeir *skyldi* konungar vera yfir *Nóregi*, en
beiddi af þeim virkða vinum sínum ok frændum. ‘En þó at mér
 verði lífs auðit,’ segir hann, ‘þá skal ek *af landi² fara til kristinna
 manna ok bæta þat er ek hefi *misgort* við guð. En ef ek dey hér í
 heiðni, þá veitið mér grópt slíkan sem yðr sýniz.’

Litlu síðar andaðiz Hákon konungr þar á hellunni sem hann
 hafði fœddr verit. Hákon konungr var svá harmaðr at bæði vinir
 hans ok óvinir grétu dauða hans ok sögðu at eigi mundi iafngóðr
 konungr koma síðan í Nóreg. Vinir hans fluttu lík hans norðr á
 Sæheim á Norðr-Hjörðaland, *gerðu* þar haug mikinn ok lögðu þar
 í konung með alvæpni sitt ok hinn bezta búnað, en ekki fé annat,
 mæltu svá fyrir grepti hans sem heiðinna manna siðr var til.

Chapter 30

46.15– Eiríkssynir tóku konungdóm yfir Nóregi þá er Hákon var *dauðr*.
 48.18 / Var Haraldr mest fyrir þeim at virðingu; var hann ok elztr þeira
 223.3– *bræðra* er þá lifðu. Gunnhildr móðir þeira hafði miðk landráð
 225.15. með þeim. Hon var þá kǫlluð konungamóðir. Þá váru hǫfðingjar
 í *Nóregi* Tryggvi *konungr* Ólafsson austr í *Vík*, Guðrøðr konungr
 Biarnarson á Vestfold, Sigurðr Hlaðaiarl *norðr* í Þrándheimi.
 Gunnhildarsynir hǫfðu mitt *landit* hinn fyrsta vetr; fóru þá orð ok
 sendimenn milli Gunnhildarsona ok þeira Tryggva ok Guðraðar,
 ok var þar mælt til sætta, at þeir skyldu *halda* þvílíkan hlut ríkis
 af Gunnhildarsonum sem þeir hǫfðu áðr haft af Hákonu konungi.³

Glúmr Geirason var skáld Haralds konungs *Gunnhildarsonar*;
 hann orti vísu þessa eptir fall Hákonar konungs *ok hældi þar at*
Haraldr konungr hefði hefnt Gamla bróður síns:

¹ C²; ÷ AD². ² C²; or lande D²; ÷ A. ³ *The remainder of ch. 30 is omitted in D².*

Vel hefir hefnt, en hafna
 hiðs bendraugar fiðrvi,
 folkrakkr *of¹ vann fylkir
 framligt, Haraldr Gamla,
 er dökkvalir drekka
 *dolgbrands² fyrir ver handan,
 roðinn frá ek rauðra benia
 reyr, Hákonar dreyra.

Þessi vísa varð allkær í hirð Haralds konungs. En er þat spurði Eyvindr Finnsson, þá kvað hann aðra vísu í móti:

Fyrr rauð Fenris varra
 flugvarr konungr sparra,
 malmhríðar svall meiðum
 *móðr,³ í Gamla blóði,
 þá er óstirfinn arfa
 Eiríks of rak, geira
 nú tregar gæti Gauta
 grams fall, á síá alla.

Var síá vísa ok miðk flutt. En er þat spurði Haraldr konungr gaf hann *Eyvindi þar fyrir⁴ dauðasök, þar til er vinir þeira sættu þá með því móti at Eyvindr skyldi góraz skáld Haralds konungs, sem hann hafði áðr verit Hákonar konungs; var ok frændsemi mikil milli þeira, svá at Eyvindr var son Gunnhildar dóttur Hálf-danar iarls, sem áðr er sagt, en móðir Gunnhildar var Ingibiörg dóttir Haralds konungs hárfagra. Eyvindr orti þá vísu um Harald konung:

Lítt kváðu þik láta,
 landvörðr, er brast, Hqrða,
 benia hagl á brynium,
 buguz almar, geð falma,
 þá er ófolginn ylgjar
 endr ór þinni hendi
 fetla svell til fyllar
 fullegg, Haraldr, gullu.

¹ C²; ÷ A. ² C²; dolg bandz A. ³ C²; móð A. ⁴ C²; þar fyrir Eyvindi A.

Chapter 31

48.19– Gunnhildarsynir sátu mest um mitt *landit*, þvíat þeim þótti *hvárki*
 50.19 / trúligt at sitia undir hendi *Prænda né Víkveria*, er mestir höfðu
 225.16– verit vinir Hákonar konungs, en stórmenni mart í *hvárumtveggja¹
 228.14. stað. Fóru þá menn at bera sættarboð milli *Gunnhildarsona ok
 Sigurðar iarls,² þvíat *Eiríkssynir* fengu áðr engar skyldur ór
 Prándheimi. Varð þat at lykðum at þeir gerðu sætt sína, *konungar³
 ok *Sigurðr* iarl ok bundu swardögum. Sigurðr iarl skyldi *hafa⁴
 slíkt ríki af þeim í Prándheimi sem hann hafði fyrr haft af Hákonu
 konungi. Váru þeir þá sáttir kallaðir.⁵

Allir Gunnhildarsynir váru menn sínkir, ok var þat mælt at þeir
 fæli fé sitt í iorðu. *Pess getr* Eyvindr skáldaspillir:

Bárum, ullr, of alla,
 ímunlauks, á hauka
 fiollum Fýrisvalla
 fræ Hákonar æfi.
 Nú hefir folkstríðir Fróða
 fiøglýiaðra þýa
 meldr í móður holdi
 mellu dolgs of *folgit*.

Fullar skein á fiollum
 fallsól brá vallar
 ullar kióls of allan
 aldr Hákonar skaldum.
 Nú er alfrøðull elfar
 iotna dolgs of folginn,
 ráð eru rammrar þjóðar
 rík, í móður líki.

Þá er Haraldr konungr spurði vísur þessar sendi hann orð Eyvindi,
 at hann *kæmi* á hans fund. *Ok er hann kom mælti konungr: 'Þú*
vill vera óvinr minn, Eyvindr, ok samir þér þat illa at veita mér
 *ótrúnað,⁶ þvíat þú hefir áðr gørz minn maðr.' Þá kvað Eyvindr:

¹ C²D²; huanrtueggia A. ² C²D²; Sigurðar j. ok G. ss. A. ³ D²; G. ss. A,
 kongarner C². ⁴ C²D²; hallda A. ⁵ *The remainder of ch. 31 is omitted in*
 D². ⁶ C²; o truleik A.

Einn dróttin hefik áttan,
 iofurr dýrr, en þik fyrra,
 belli, bragningr, elli,
 bið ek ei mér hins þriðia.
 Trúr var ek tiggia dýrum,
 tveim skiöldum leik ek aldri.
 Fylli ek flokk þinn, stillir,
 fellr á hendr mér elli.

Haraldr konungr lét Eyvind festa sér *siálfðæmi* fyrir mál þetta. Eyvindr átti gullhring mikinn ok góðan er kallaðr var *Foldi*; hann hafði tekinn verit ór iorðu¹ löngru áðr. Konungr segir at *þar skal* kostr vera engi annarr en *hann skal* hafa hring þann. Þá kvað Eyvindr:

Skylda ek, skeria foldar
 skíðrennandi, um síðir
 þussa *bæs* frá þvísa
 þinn góðan byr finna,
 er, valiarðar, verðum,
 veliandi, þér selia
 lyngva mens, þat er lengi,
 látr, minn faðir átti.

Fór þá Eyvindr heim, ok er ekki þess getit at hann fyndi Harald konung síðan.

Chapter 32

Gunnhildarsynir *hofðu tekit* kristni á Englandi, *sem fyrr er ritat.² 50.20–
 En er þeir kómu til *rikisforráða* í Nóregi, þá kómu þeir engu á leið 51.14/
 at kristna *landsfólkit*, en allt þar er þeir kómu því við, þá brutu 228.16–
 þeir niðr hof ok spilltu blótum. Fengu þeir *þar fyrir af alþýðu* 229.18.
 mikla *óvinsæld*. Spilltiz þá ok *skiótt* árferð í landi. Konungar váru
 margir ok hafði hverð um sik; þurftu þeir *mikit til kostnaðar*
 ok váru *þeir³ hinir fégiornustu, *en ekki heldu þeir⁴ miðk lög
 þau er Hákon konungr hafði sett. Allir váru þeir menn fríðir *sýnum*,
 stórir ok sterkir ok íþróttamenn miklir. Svá segir Glúmr Geirason
af Haraldri konungi:

¹ + fyrir A. ² D²; ÷ AC². ³ C²; ÷ A. *Altered text in D²*. ⁴ C²; helldu þeir ecki A. *Altered text in D²*.

Kunni tolf, sá er, *kanna*,
 tíðum, *haldinskíða*
 ógnarstafr, of iðfra
 íþróttir, fram sótti.

Optliga váru þeir bræðr allir saman, en stundum sér *hverr.¹ Þeir váru menn grimmir ok hraustir, orrostumenn miklir ok miðk sigrsælir.

51.14– Gunnhildr konungamóðir ok synir hennar váru opt á tali ok
 52.13 / *málstefnu* ok réðu landráðum. Ok eitt sinn *spurði* Gunnhildr sonu
 230.3– sína *hvern veg þeir* ætli at láta fara *um² ríki í Prándheimi: ‘Þér
 231.14. berið konunganofn, svá sem fyrr hafa haft *langfeðgar³ yðrir, en
 hafið lítit af *landi,⁴ en eruð margir til skiptis. Víkina austr hafa
 *þeir⁵ Tryggvi ok Guðrøðr ok *eiga* þeir *þar⁶ nokkura tiltölu fyrir
 ættar sakir. En Sigurðr iarl ræðr öllum Prændalögum, ok veit ek
 eigi hver skylda yðr berr til þess at láta iarl einn ráða svá miklu
 ríki undan yðr. Þikki mér þat undarligt er þér farið í víking *at*
heria á önnur lönd, en látið innan lands⁷ taka af yðr fōðurleifð
 yðra. Lítit mundi Haraldi þikkia, er þú ert eptir kallaðr, fōðurfōður
 þínum, at *taka* einn iarl af ríki ok lífi, er hann vann allan Nóreg
 undir sik ok réð til elli.’ Haraldr svarar: ‘Þat er eigi svá *dælt* at
 taka Sigurðr iarl af lífdögum sem at *drepa* kið eða kálf. Sigurðr
 iarl er ættstórr ok frændmargr, vinsæll ok vitr. Vænti ek ef hann
 spyr at sonnu at hann á ófriðar ván af oss, þá eru þar allir Prændir
 sem hann er. Eigum vér þar þá ekki erindi nema illt eina. Lítz mér
 svá sem engum várum bræðra þikki trúligt at sitia undir hendi
 þeim Prændum.’ Gunnhildr mælti: ‘Vér skulum fara allt annan
 veg *með⁸ þessu ráði. *Vit* Haraldr *konungr* ok *Erlendr skulum*
 sitia í *vetr* á Norðmæri ok freista svá hvat at sýsliz.’ Ok svá gerðu þau.

Chapter 33

52.14– Griótgarðr hét bróðir Sigurðar iarls; hann var miklu yngri ok virðr
 53.16 / minna; hafði hann ok ekki tignarnafn. Hann helt þó sveit *manna⁹
 231.17– ok var á sumrum í víking. Haraldr konungr sendi menn inn í
 233.12. Prándheim á fund *Sigurðar¹⁰ iarls með fégiðfum ok vinmælum.

¹ C²; huerir A (51.31–52.7 Allir — sigrsælir is omitted in D²). ² C²; ÷ A. *Altered text in D²*. ³ C²; langfedr A, forfedr D². ⁴ C²; ríki A. *Altered text in D²*. ⁵ D²; ÷ AC². ⁶ D²; ÷ AC². ⁷ + menn A. ⁸ C²D²; at A. ⁹ C²D²; ÷ A. ¹⁰ D²; ÷ AC².

*Sagðiz Haraldr vilia leggja við hann slíka vináttu sem verit hafði með Hákonni ok iarlinum. Þat fylgði orðsending at iarl skyldi koma á fund Haralds konungs; skyldu þeir þá at fullu binda vináttu sína. Sigurðr iarl tók vel sendimönnum ok vináttumálum konungs, en segir at hann mátti ekki fara á fund konungs sakir fiölskylda sinna. Sendi hann konungi vingiafir ok góð orð móti vináttu hans. Fóru sendimenn brott. Þeir kómu á fund Griótgarðs ok báru honum hit sama erendi: vináttu ok heimboð Haralds konungs ok þar með *góðar giafir.¹ Fóru sendimenn við þat heim at Griótgarðr hét sinni ferð.*

Ok at ákveðnum degi kom Griótgarðr á fund Haralds konungs ok Gunnhildar; tóku þau við honum blíðliga, höfðu hann í kærleikum ok við leyndarmál sín, tölðu fyrir honum hversu iarl hafði hann lengi gørt lítinn mann. En ef hann vildi vera í ráðum með þeim segir konungr at hann skyldi vera iarl hans ok hafa ríki þat allt er áðr hafði Sigurðr *iarl² haft. Kom svá at þau sǫmðu þat með einkamálum at Griótgarðr skyldi halda niósnum til ok gera orð konungi nær líkast væri til at veita atfǫr iarli. Fór Griótgarðr við þetta heim ok þá góðar giafar af konungi.

Chapter 34

Sigurðr iarl fór um haustit inn í Stióradal ok var þar á veizlum. 53.17–
*Þaðan³ fór hann út á Qgló ok skyldi þar taka veizlur. Iarl hafði 54.12 /
iafnan mikit fiölmenni um sik meðan hann trúði illa konungum. 233.14–
En með því at þá höfðu vináttumál farit *millum⁴ þeira Haralds 234.15.
konungs, þá hafði hann ekki mikla sveit manna. Griótgarðr gerði
þá niösn Haraldí konungi at eigi mundi í annat sinn vænna at fara
at iarli. Ok þegar á sǫmu nótt fóru konungarnir Haraldr ok Erlendr
inn eptir Prándheimi *ok⁵ höfðu fiögur skip ok lið mikit, sigldu
inn um nóttina við stiörnuliós. Kom þá Griótgarðr til móts við þá.

Þeir kómu ofanverða nótt inn á Qgló, þar sem Sigurðr iarl var á veizlu; lögðu þeir eld í hús ok brenndu bæinn. Brann þar inni Sigurðr iarl ok allt lið hans. Konungar fóru þegar árdegis út eptir firði ok svá suðr á Mæri ok dvölduz þar um hríð. Þat var tveim vetrum eptir fall Hákonar konungs Aðalsteinsfóstra, at sǫgn Ara prests hins fróða Þorgilssonar.⁶

¹ C²; goða gripi A. Different text in D². ² C² ÷ A. Different text in D².
³ C²D²; siþan A. ⁴ C²; milli A, medal D². ⁵ C²D²; ÷ A. ⁶ from ÓIH, see ÓIHJH 20.8–9.

Chapter 35

54.13–55.5/ Hákon son Sigurðar iarls var inn í Þrándheimi þá er hann spurði
235.2–10. *brennu fǫður síns.* ¹ *Hákon var ættstórr ok frændmargr ok Sigurðr
faðir hans vinsæll ok ástúðigr ǫllu *fólki.* ² *Varð Hákonni gott til
liðs, svá at allir Þrændir sneruz til hans.* ³ *Var þá þegar svá mikit
herhlaup um allan Þrándheim, at hvert skip var á vatn dregit þat
er herfært var. En er herrinn kom saman tóku þeir Hákon *son
Sigurðar³ til iarls ok höfðingia yfir lið þat.* ⁴ *Þá var hann nær tvítøgr
at aldri.* ⁵ *Helt hann ǫllu liðinu út eptir firði.* En er þat spurðu
Gunnhildarsynir fóru þeir suðr í Raumsdal ok á Sunnmœri, ok
heldu hvárir niósnum til annarra.

55.5–57.6/ Helt Hákon iarl þá Þrándheimi með styrk *frænda⁵ sinna þriá
236.5–
238.17. *vetr, svá at Gunnhildarsynir fengu þaðan engar tekiur,* ⁶ *ok engi
þeira náði at koma inn um Þrándheimsmynni.* ⁷ *Hann átti nokkurar
orrostur við Gunnhildarsonu, en hvárir drápu marga menn fyrir
ǫðrum. Þess getr Einarr skálaglamm í Velleklu er hann orti um
Hákon iarl:*

Ok oddneytir úti
eiðvandr flota breiðan
gláðr í Gǫndlar veðrum,
gramr svafði bil, hafði,
ok rauðmána reynir
rógsegl Heðins bóga
upp hóf iðfra kappi
etiu lundr at setia.

Ok enn kvað hann:

*Varat⁷ ofbyriar ǫrva
odda vífs í drífu
sverða sverrifjarðar
svanglýiaði at frýia.

¹ C¹D²; landz folki A. ² Hákon — hans] from ÓIH, see ÓIHJH 20.10–13. ³ C¹D²; Sigurþar son A. ⁴ from ÓIH, see ÓIHJH 20.9–10. ⁵ C¹D²; uína A. ⁶ from ÓIH, see ÓIHJH 20.13–14. ⁷ C¹; Veit A. The stanza is omitted in D².

Brakrøgnir skók *bogna,¹
 barg óþyrmir varga,
 hagl ór *hlakkar seglum,²
 hiðrs, rakliga fiðrvi.

Mart varð él áðr ála
 austr lōnd at mun banda
 randar lauks af ríki
 rækilundr of tœki.

Enn getr Einarr hversu Hákon iarl hefndi fōður síns:

Ber ek *frá* hefnd þá er hrafna
 hlióms loftoginn skióma
 þat nam vōrðr at vinna
 vann síns fōður hranna.
 Rignði hiðrs á hersa
 hríðremmis fiðr víða,
 *þrymlundr³ ok iók Þundi
 þegns gnótt, *mélregni.⁴

Ok *haldviðurr⁵ hōlða
 haffaxa lét vaxa
 laufa veðr at lífum
 lífkōld háars drífu.

Eptir þetta fóru beggia vinir ok báru *sættarboð* milli þeira *Eiríks-sona ok Hákonar iarls*. Kom þá svá með *fortölum gofugra manna* at þeir *sættuz*, svá at Hákon *iarl⁶ skyldi hafa þvílíkt ríki í Þrándheimi sem haft hafði Sigurðr iarl faðir hans, en konungar slíkt sem Hákon konungr hafði haft fyrir þeim. *Var þetta sáttmál bundit með fullum trúnaði*. Þá gerðiz kærleikr mikill með þeim Háconi iarli ok Gunnhildi, en stundum beittuz þau vélræðum. Leið svá fram aðra þriá vetr. Sat þá *Hakon⁷ *iarl* um kyrrt í ríki sínu.

¹ C¹; boga A. ² C¹; hlakka segli A. ³ C¹; þrym lyndr A. *The stanza is omitted in D².* ⁴ C¹; meel regni A. ⁵ hialld viður A. *Corrupt in C¹. The stanza is omitted in D².* ⁶ C¹; ÷ AD². ⁷ C¹D²; ÷ A.

Chapter 36

57.7–58.3 / Hákon iarl fór einn vetr til Upplanda. Ok á einni gisting varð sá
240.5–18. atburðr at hann lagðiz með konu; *hon* var lítillar ættar. En er þaðan
liðu stundir gekk sú kona með barni. Ok er barnit var fætt, var þat
sveinn ok hét Eiríkr. Móðirin flutti sveininn til Hákonar *iarls¹
ok sagði at hann var faðirinn. Iarl lét sveininn upp fœða með
*manni þeim² er kallaðr var Þorleifr hinn spaki; hann bió uppi í
Meðaldal ok var ríkr maðr ok auðigr ok *vinr* mikill iarls. Eiríkr
var brátt mannvænn, hinn fríðasti sýnum, mikill ok *sterkr³
snemma. Iarl lét⁴ fátt til hans.

Hákon iarl var allra manna fríðastr sýnum, ekki hárr maðr, *vel⁵
styrkr ok íþróttamaðr mikill, spakr at viti ok hinn mesti hermaðr.

58.3–60.6 / Á einu hausti fór *Hákon⁶ iarl til Upplanda. *En⁷ er hann kom á
241.2– Heiðmørk kómu þar til móts við hann Tryggvi konungr Ólafsson
243.8. ok Guðrøðr konungr Biarnarson. Þar kom ok Dala-Guðbrandr.
Þeir áttu stefnlag með sér ok sátu lengi á einmæli. En þat kom
upp at hverr þeira skyldi vera vin annars, ok *skilðu við svá búit*.
Fór þá hverr heim til síns ríkis.

†Tryggvi konungr Ólafsson var ríkr maðr ok *gofugr*; hann þótti
Víkverium bezt til konungs fallinn at ráða landi ǫllu. Guðrøðr
konungr Biarnarson var ástvinr Tryggva konungs.⁸

Þetta spurði Gunnhildr ok synir hennar, at þessir *hofðingiar*
hofðu talat til vináttu með sér, ok er þeim grunr á at þeir *mundi*
hafa gørt landráð við konungana. Tala *þau⁹ nú optliga ok *hafa*
ráðagørðir sín í milli.

En er váraði lýstu þeir Haraldr konungr ok Guðrøðr bróðir hans
því, at þeir munu fara í víking um sumarit vestr um haf eða í
Austrveg, sem þeir váru vanir. Drógu þeir þá lið at sér ok *hrundu*
skipum á vatn ok *biogguz*. En er þeir drukku brautfararǫl sitt váru
þar drykkiur miklar ok mart *talat* við drykkinn, ok þar kom at
farit var í mannaþnað. Ok því næst var rætt um *konungana* siálfa.
Mælti þá einn maðr at Haraldr *konungr¹⁰ væri framast þeira
bræðra í ǫllum hlutum. Þessu reiddiz miðr Guðrøðr konungr;
sagði svá at hann skyldi í engu *bera lægra* hlut en Haraldr bróðir
hans; segir *sik vera búinn* at þeir reyni þat. *Kom svá um síðir* at

¹ C¹D²; ÷ A. ² C¹D²; þeim manni A. ³ C¹; styrkr A. *Different text in D²*.
⁴ + ser A. ⁵ C¹; ÷ AD². ⁶ C¹D²; ÷ A. ⁷ C¹D²; Ok A. ⁸ from ÓIH, see
ÓIHJH 21.11–14. ⁹ C¹D²; ÷ A. ¹⁰ C¹D²; ÷ A.

hvárrtveggi þeira *sýndiz miok reiðr ok þreyttu þetta með svá miklum kappmælum*, at hvárr bauð qðrum til vígs ok hliópu til vápna. En þeir *menn sem* vitrari váru ok *minnr* drukkniir *gengu* í milli ok stöðvuðu þá. Fóru þá hvárir til sinna skipa, en engi var ván þá at þeir mætti fara allir samt. [. . .] Sigldi þá Guðrøðr *konungr* austr með landi, en Haraldr stefndi út á haf ok sagði at hann mundi sigla vestr um haf. En er hann kom út um eyiar stefndi hann hafleið austr með landi. Guðrøðr konungr sigldi þjóðleið austr til Víkr ok svá austr *um* Foldina. Sendi hann þá *orð Tryggva konungi¹ at hann skyldi koma til móts við *hann² ok færi þeir báðir *saman³ um sumarit í Austrveg at heria. Tryggvi konungr tók því vel ok líkliga; hann spurði at Guðrøðr hafði lítit lið. Fór Tryggvi konungr *til fundar við hann* með eina skútu; þeir funduz við Veggina fyrir vestan Sótanes. En er þeir *gengu* á málstefnu hliópu at menn Guðrøðar ok drápu Tryggva konung ok tólf menn með honum, ok liggr hann þar sem *síðan* er kallat Tryggvareyrr.

Chapter 37

Haraldr konungr sigldi miok útleið; hann stefndi inn í Víkina ok kom um nótt til Túnsbergs. Spurði hann þá at Guðrøðr konungr Biarnarson var þar skammt á land upp á veizlu. *Fór* Haraldr konungr *með lið sitt þegar hina sǫmu nótt* upp þangat ok tóku hús á þeim. Guðrøðr konungr *gekk út með sína menn*; varð *þar skömm⁴ viðtaka áðr Guðrøðr konungr *Biarnarson* fell ok mart manna með honum. Haraldr konungr *fór þegar brottu. Helt hann* þá til fundar við Guðrøð bróður sinn, *ok lögðu þeir undir sik alla Víkina*.

Chapter 38

Guðrøðr konungr Biarnarson hafði fengit sér gott kvánfang ok makligt. Þau áttu son er hét Haraldr. Hann var sendr til fóstrs upp á Grenland til Hróa hins hvíta, lends manns. Son Hróa var Hrani hinn víðförlí. Váru þeir⁵ Haraldr miok *iafnaldr⁶ ok föstbræðr. Eptir fall Guðrøðar konungs *Biarnarsonar* flýði Haraldr *son hans*, er kallaðr var hinn grenski, fyrst til Upplanda ok með honum

¹ BC¹; menn til tryggva konungs með þeim erendum AD². ² BC¹; guðrøð konung AD². ³ BC¹; samt A. *Different text in D²*. ⁴ BC¹; þa lítill A, þa sköm D². ⁵ + Hrani ok A. ⁶ D²; jafn gamlir A, iafnaldri BC¹.

Hrani fóstbróðir hans ok fáir menn aðrir; dvöðuz þeir þar um hríð með frændum sínum.

Eiríkssynir leituðu miðk eptir þeim mǫnnum er í sǫkum váru bundnir við þá ok þeim ǫllum mest er þeim var uppreistar at vǫn. Réðu þat þá Haraldi *grenska¹ frændr hans ok vinir at hann fœri af landi *brottu*. Hann fór þá austr til Svíþjóðar ok leitaði sér skipanar ok at koma sér í sveit með þeim *mǫnnum² er fóru í hernað at fá sér fiár. Haraldr var hinn gerviligasti maðr.

Tósti hét maðr í Svíþjóð; *hann* var einn ríkastr ok gǫfgastr í því landi þeira *manna* er eigi báru tignarnafn. Hann var hinn mesti hermaðr ok var lǫngum í *víking*; því var hann kallaðr Skǫglar-Tósti. Haraldr grenski kom sér þar í sveit ok var í víking um sumarit með Skǫglar-Tósta, ok virðiz Haraldr hverium manni vel. *Hann* var um vetrinn með Tósta. Haraldr hafði verit tvá vetr á Upplǫndum, en *hann* var fimm vetr með Tósta. Sigríðr hét dóttir Tósta, ung ok fríð, *svarri* mikill; hon var síðan gipt Eiríki Svíakonungi hinum sigrsæla, ok var son þeira Óláfr scenski er síðan var konungr í Svíþjóð. Eiríkr varð sótt dauðr at Uppsǫlum tíu vetrym síðar en Styrbjǫrn fell.

Chapter 39

62.8– Gunnhildarsynir buðu út liði miklu ór Víkinni ok fóru svá norðr
63.11 / með landi at þeir hǫfðu lið ok skip ór *hveriu fylki;³ *gerðu þeir*
246.2– þá bert at þeir *mundi* *her þeim stefna⁴ norðr til Þrándheims á
247.6. hendr Hákonu iarli. Þessi tíðindi *spurði brátt* Hákon iarl; *dró hann*
þegar her at sér ok réð til skipa. En er hann *spurði* hversu mikinn
her Gunnhildarsynir hǫfðu, þá helt hann sínu liði suðr á Mœri ok
heriaði *hvar* sem hann fór. Drap *hann menn þá er hann náði*,
bæði ríka ok óríka. Hann sendi aptr *bóndaheirinn* Þrænda, en hann
fór herskildi um Mœri hváratveggju ok Raumsdal. *Hann* hafði
níósnir allt fyrir sunnan Stað um her Gunnhildarsona. En er hann
spurði at þeir váru komnir í Fiǫrðu ok biðu byriar at sigla norðr
um Stað, þá sigldi *hann suðr um Stað svá hafhallt* at ekki mátti
síá segl hans af landi; lét *hann* svá ganga austr með landi ok kom
fram í Danmǫrk. Sigldi *hann þaðan* í Austrveg ok heriaði þar um
sumarit.

¹ BC¹D²; ÷ A. ² BC¹; ÷ A. *Altered text in D²*. ³ BC¹D²; fylki hueriu A.

⁴ BC¹; stefna her þeim A. *Altered text in D²*.

Gunnhildarsynir heldu liði sínu norðr til Þrándheims *ok¹ dvöðuz þar mið lengi ok tóku skatta ok skyldir af bóndum. En er á leið sumarit settuz þeir þar eptir Sigurðr slefa ok Guðrøðr konungr, en Haraldr ok aðrir þeir bræðr fóru austr í land ok leiðangrslíð þat er þeim hafði þangat fylgt um sumarit.

Chapter 40

Hákon iarl sigldi um haustit til Helsingialands ok setti þar upp skip sín, fór síðan landveg um *Helsingialand ok lamtaland,² svá austan um Kiql ok kom ofan í Þrándheim. Dreif þegar til hans lið mikit; réð hann til skipa. En er þat spurðu Gunnhildarsynir stigu þeir á skip sín ok heldu út eptir firði, en Hákon iarl fór út á Hlaðir ok sat þar um vetrinn, en Gunnhildarsynir sátu á Mœri ok veittu hvárir qðrum árásir ok manndráp. 63.12–64.6 / 247.9–248.6.

Hákon iarl helt ríki sínu í Þrándheimi ok *var³ þar optast á vetrum, en fór um sumrum í hernað í Austrveg; stundum sat hann um sumrum í Þrándheimi ok hafði her úti; helduz Gunnhildarsynir þá ekki fyrir norðan Stað.

Haraldr gráfeldr fór á einu sumri með her sinn *norðr⁴ til Biarma-lands ok heriaði þar ok átti orrostu mikla við Biarma á Vínubakka. Þar hafði Haraldr sigr ok drap fólk mart; heriaði hann þá víða um landit ok fekk *ófamikit⁵ fé. Svá segir Glúmr Geirason: 64.6–18 / 248.8–20.

Austr *rauð⁶ iofra þrýstir
orðrakkr fyrir bý norðan
brand, þar er biarmskar kindir,
brennanda, lét renna.
Gótt hlaut gumna sættir
geirveðr í fqr þeiri,
qðlingi fekkz ungum
orð á Vínu borði.

Klyppr hét hersir einn, kynstórr maðr ok ríkr á Hqrðalandi; hann var son Þórðar Hqrða-Kárasonar. 64.19–20 / 249.1–3.

¹ BC¹; ÷ AD². ² BC¹ (ok — Kiql] ÷ D²); iamta land ok helsingia land A.
³ BC¹; sat AD². ⁴ C¹; ÷ AB. (This paragraph and the following verse are omitted in D².) ⁵ C¹; stormikit A, mikit B. ⁶ B; reð AC¹.

64.20–23 / Kona Klypps hersis hét Ólof; hon var Ásbiarnardóttir, systir Iárn-
249.5–8. Skeggia norðan af Yrium. Bróðir Ásbiarnar var Hreiðarr faðir
Styrkára fýður Eindriða fýður Einars þambarskelfis.

64.23–65.1 / Sigurðr konungr slefa kom til bús Klypps hersis.
249.1.

65.1–2 / Hann var eigi heima, en Ólof kona hans tók vel við konungi. Var
249.3–5. þar veizla góð ok drykkiur miklar.

65.2–13 / Sigurðr konungr gekk um nóttina til rekkju Ólofar ok lá þar at
249.8– óvilja hennar. Síðan fór konungr á brott.

250.2. Eptir um haustit fóru þeir Haraldr konungr ok Sigurðr upp á
Vörs ok stefndu þar þing við bændr. Á því þingi veittu bændr
konungum atfór ok vildu drepa þá; kómuz þeir undan með flóttu.
Fór þá Haraldr konungr norðr í Harðangr, en Sigurðr á Alreksstaði
ok settiz þar. En er Klyppr hersir spurði þat heimti hann saman
frændr sína ok vini ok veittu konungi atfór. Höfðingi var sá maðr
fyrir ferðinni er kallaðr var Vémundr völubríotr. En er þeir kómu
á bæinn veittu þeir Sigurði konungi atsókn. Klyppr lagði sverði í
gegnum konung. Var þat hans bani. Ok þegar í stað var Klyppr
drepinn.

Chapter 41

65.14– Haraldr konungr gráfeldr ok Guðrøðr bróðir hans drógu saman
66.20 / her mikinn *austan ór landi¹ ok heldu liði því norðr til Þrándheims.
250.4– En er þat spurði Hákon iarl samnaði hann liði at sér *ok² helt suðr
251.14. á Mœri ok heriaði þar. *Þar³ var fyrir Griótgarðr fýðurbróðir hans
ok skyldi þar hafa landvörn af Gunnhildarsonum. Hann bauð her
út, sem konungarnir höfðu orð til sent. Hákon iarl helt til fundar
við hann, ok áttu þeir bardaga. Þar fell Griótgarðr ok tveir
iarlasynir *með honum⁴ ok mart lið annat. Þess getr Einarr
skálaglamm:

*Hialmgráp er⁵ vann hilmir
harð, lopts vinar, barða,
því kom vöxtr í Vínu
vínheims, fiandr sína,

¹ BC¹D²; ÷ A. ² BC¹; ÷ AD². ³ BC¹D²; þa A. ⁴ BC¹D²; ÷ A. ⁵ C¹;
Hialm falldinn A, Hialmgreip er B. The stanza is omitted in D².

at forsniallir fellu
fúrs í *Pundar* skúrum,
þat fær *Próttar* snytri,
þrír iarls synir, tírar.

Síðan sigldi Hákon iarl út *um eyiar* ok *svá hafhallt* suðr með landi. Hann kom fram í Danmørk, fór þá á fund Haralds Gormssonar Danakonungs, fekk þar góðar viðtøkur; dvalðiz með honum um vetrinn.

Þá var ok með Danakonungi maðr sá er hét Haraldr; hann var son Knúts Gormssonar, bróðurson Haralds konungs. Hann var kominn ór víking, hafði lengi heriat ok fengit óf lausafiár; því var hann kallaðr Gull-Haraldr. Hann þótti vel til kominn at vera konungr *í Danmørk.¹

Chapter 42

Haraldr konungr gráfeldr ok þeir *bræðr² heldu liði sínu norðr til 66.21–
Prándheims ok fengu þar enga mótstöðu, þvíat Hákon iarl var í 67.11 /
brottu; tóku þeir þar *skatta* ok *skyldur* ok allar konungs tekiur ok 251.16–
þar umfram létu þeir bæendr gialda stór giöld, þvíat *konungarnir* 252.12.
höfðu þá *langa hrið³ lítit fé fengit ór Prándheimi er Hákon iarl
*hafði þar setit⁴ með fiqlmenni ok *átt⁵ ófrið við *konunga.⁶

Um haustit fór Haraldr konungr suðr í land með þat lið flest er þar átti heimili, en *Erlendr* konungr sat þar eptir með *liði sínu.⁷ Hann hafði þá enn miklar krafir við bæendr ok gerði harðan rétt þeira, en bæendr kurruðu illa ok *gerðu ráð sín*.

Síðar um vetrinn sǫmnuðuz bæendr saman ok *fengu* lið mikit, *stefndu* síðan at *Erlendi* konungi þar sem hann var á veizlu ok *heldu* *við hann orrostu.⁸ Þar fell *Erlendr* konungr ok mikil sveit manna með honum.

Chapter 43

Ástríðr hét kona sú er átt hafði Tryggvi konungr Ólafsson; hon 67.12–69.10/
var dóttir Eiríks biððaskalla, ríks manns er bió á *Oprostøðum.⁹ 255.4–
En eptir fall Tryggva konungs flýði Ástríðr á brott ok fór á 256.14.

¹ BC¹D²; yfir danmørku A. ² BD²; ÷ AC¹. ³ D²; lengi ABC¹. ⁴ BC¹D²; sat þar A. ⁵ BC¹D²; atti A. ⁶ BD²; konungana AC¹. ⁷ BC¹; sitt lið A, sínu lide D². ⁸ BC¹D²; orrostu við hann A. ⁹ BC¹; ofro stóðum A, offrustodum D² (*always written* opro- BC¹, ofro A, offru- D²).

launungu með lausafé því er hon mátti með sér hafa. Henni fylgði fóstrfaðir hennar, sá er nefndr er Þórólfr *lúsarskegg;¹ hann skilðiz *aldri* við hana. En aðrir trúnaðarmenn hennar fóru á niósn, hvat spurðiz af óvinum hennar eða hvar þeir fóru. Ástríðr gekk með barni Tryggva konungs; hon lét flytia sik út í vatn eitt ok leyndiz þar í *hólma² nokkurum ok fáir menn með henni. Þar fœddi hon barn; þat var sveinn. *Þórólfr iós sveininn vatni ok kallaði Ólaf* eptir fœðurfeðr sínum. [. . .] *Ástríðr* leyndiz þar í *hólmanum* um sumarit. En er nótt myrkði en dag tók at skemma en veðr at kólna, þá byriaði Ástríðr ferð sína ok Þórólfr með henni, *en fátt annarra* manna, fóru þar eina með byggðum er þau leynduz um nætr ok fundu enga menn. Þau kómu fram eins dags at kveldi til Eiríks á *Oprostøðum, fœður Ástríðar. Þau fóru leyniliga; sendi Ástríðr menn til bæiarins at segia Eiríki *sína þarkvámu*. En hann lét fylgia þeim í eina skemmu ok setia þeim borð með hinum beztum fongum. *Var* Ástríðr þar litla hríð *áðr* fgruneyti hennar fór brott, en hon var eptir ok tvær þiönustukonur með henni ok son hennar Óláfr, Þórólfr *lúsarskegg³ ok *Þorgils⁴ son hans sex vetra gamall. Váru þau þar um vetrinn.

Chapter 44

69.11– Haraldr *konungr* gráfeldr ok Guðrøðr bróðir hans fóru eptir dráp 70.3/ Tryggva konungs Ólafssonar til búa þeira *er⁵ hann hafði átt. En 256.16– þá var Ástríðr í brottu *þaðan* ok spurðu þeir ekki til hennar. Sá 257.10. *kvittr* kom fyrir þá at hon mundi vera með barni Tryggva konungs. Þeir fóru um haustit norðr í land, *svá⁶ sem fyrr er ritat. En er þeir fundu Gunnhildi móður sína sögðu þeir *henni* alla atburði um þau tíðindi er þá höfðu gerz í fgr þeira. Hon spurði vendiliga at þar sem Ástríðr var. Þeir sögðu þar af slíkan kvitt sem þeir höfðu heyrtr. *Gunnhildr svaraði*: ‘*Pat mun vera satt, at hon mun fæða upp son Tryggva ef engra ráða er í leitat.*’ En fyrir þá sök at þat sama haust áttu Gunnhildarsynir *deilu⁷ við Hákon iarl ok svá um vetrinn eptir, sem fyrr er ritat, þá varð engi eptirleitan höfð um Ástríði ok son hennar á þeim vetri.

70.3–8/ En eptir um várit sendi Gunnhildr *menn* til Upplanda ok allt í 257.12–18. Víkina at niósna hvat um hag Ástríðar mundi vera. En er *þeir*

¹ BC¹D²; lusa skeg A. ² BC¹; holmi AD². ³ BC¹; lusa skegg AD². ⁴ BC¹D²; ð A. ⁵ BC¹D²; sem A. ⁶ D²; ok sua C¹, ð AB. ⁷ BC¹D²; deilur A.

niósnarmenn kómu aptr til *Gunnhildar* kunnu þeir þat helzt at segia til *Ástríðar* at hon mundi vera á **Oprostøðum* með feðr sínum ok þess meiri ván at hon *fæddi* þar upp son Tryggva konungs. [. . .]

(In the remainder of this chapter and in the next there are just a few sentences or parts of sentences that follow *Heimskringla*.)

[. . .] fara á **Oprostaði* til Eiríks ok hafa þaðan son Tryggva 70.10–11 /
*konungs¹ ok færa sér. [. . .] 258.4–5.

[. . .] þriá tigu manna *alla* vel *búna* at vápnnum ok hestum.² [. . .] 70.12–13 /
258.1 and 2.

[. . .] til **Oprostaða*; verða þá vinir Eiríks varir við ferð þeira ok 70.14–18 /
ørendi ok *bera* honum niósn um *sendimenn Gunnhildar*. *Þat var* 258.6–10
síð dags. En þegar um nóttina bió Eiríkr *brautferð Ástríðar dóttur* and 12.
sinnar; fekk hann henni góða leiðtoga; fóru þau **brott*³ er mikit
lifði nætr. [. . .]

Þau kómu at kveldi dags í þat herað er Skaun het,⁴ sá þar bæ 71.6–13 /
mikinn ok fóru þannig ok báðu sér þar nætrvistar. Þau **dulðuz*⁵ 258.12–
ok *høfðu fátækligan klæðabúnað*. Sá *maðr er þar bió* *er⁶ nefndr 259.2.
Biörn eitrvæisa; *hann var auðigr maðr* ok illr *búþegn*. Hann rak
þau brott. Fóru þau um kveldit í annat þorp skammt þaðan er hét
í Vizlum. Þar *bió* sá bóndi er Þorsteinn hét; *hann herbergði* þau
um nóttina ok veitti þeim **góðan beina*⁷ *þá nótt*; sváfu þau í góðum
umbúnaði. [. . .]

Kómu þeir um kveldit til Biarnar eitrvæisu í Skaun, *tóku* þar 71.20–
gisting, ok *spurði* Hákon Biörn ef hann kynni honum nokkut segia 72.2 /
til *Ástríðar*. [. . .] 259.9–11.

‘[. . .] ok báðu *mik nætrvistar*, en ek rak þau *brottu* [. . .]’ 72.3–4 /
259.12–13.

[. . .] munu þau vera *herbergjuð* hér **nokkur*⁸ í þorpum. Á því 72.8–15 /
sama kveldi fór húskarl Þorsteins ór skógi ok kom til *bæiar* Biarnar 259.13–
þvíat þat var á **leið*⁹ hans; hann varð varr við at þar váru gestir 260.4.

¹ BC¹D²; ÷ A. ² AD²(*Kringla, Jöfraskinna*); klæðum BC¹(*Fríssbók*).

³ BC¹D²; brottu A. ⁴ AC¹; heitir B. ⁵ B; duolduz AC¹D². ⁶ BC¹; var A (er nefndr] het D²). ⁷ BC¹D²; ÷ A. ⁸ C¹D²; nackuar inand A, skammt B.

⁹ BC¹D²; ueg A.

margin ok svá hvert ørendi þeira var; sagði hann *þetta allt* Þorsteini bónda *er hann kom heim*. En er þriðjungur lifði nætr vakði Þorsteinn upp gesti sína ok bað þau brott fara *skiótt*; hann mælti við þau *herst ok lét ófrýnliga*. En er þau kómu af garðinum út á veginn [. .]

74.8–20 / Snimma *um daginn* reið Hákon frá Biarnar í byggðina, ok hvar 260.11–18. sem hann kom spurði hann eptir Ástríði. En er hann kom til Þorsteins *spurði* hann ef þau væri þar komin. Þorsteinn *svaraði*: ‘*Váru hér menn nokkurir í nótt ok fóru brottu móti degi austr á skóginn*.’ Hákon *mælti*: ‘*Þá muntu vilja fara með oss at leita þeira; þér munu kunnar leiðir allar ok fylgsni á skóginum*. Þorsteinn *iátti því ok bió sik skiótt*. En er þeir kómu á skóginn [. .] Vísaði hann þeim nú öllum þvers frá því sem þau váru [. .]

75.6–9 / *Leituðu* þeir *um skóginn* allan þann dag ok fundu Ástríði eigi því 261.1–3. *heldr. Eptir þat fóru sendimenn aptr til Gunnhildar ok sǫgðu henni sitt erindi*. Ástríðr ok hennar fǫruneyti [. .]

75.14–15 / [. .] *á fund* Hákonar gamla; dvalðiz hon þar ok son hennar langa 261.4–5. hríð í góðum fagnaði.

Chapter 45

78.2–3 / [. .] *Beiddu* konung þá enn fá sér styrk *til* at hafa sveininn brott 262.8–10. *með sér*; hvárt er Hákon gamli vill eða eigi. [. .]

79.8–9 / *Kómuz* þeir þó nauðuliga óbarðir *undan* þrælinum. [. .] 262.16–17.

79.11–12 / [. .] ok þat með at þeir *hǫfðu* sét Óláf Tryggvason. [. .] 262.18–19.

Chapter 46

82.1–4 / [. .] Sigurðr hét son Eiríks *bióðaskalla¹ á **Oprostǫðum* bróðir 263.2–6. Ástríðar; hann *var* austr í Garðaríki með Valdamar konungi ok hafði *af honum* mikinn metnað ok *vald*. Fýstiz Ástríðr *systir hans* þá at fara þangat til *hans*.

82.4–5 / Þá hafði hon verit tvá vetr í *Svíaveldi* með Hákonni gamla. Var 263.8–9. Óláfr *son þeira Tryggva konungs* þá þrevetr.

¹ D^{1,2}; ÷ ABC¹.

Hákon gamli kom henni í foruneyti með kaupmönnum nokkurum 82.5–8 /
ok fekk henni ok hennar mönnum alla hluti vel ok gnógliga, þá er 263.6–8.
þau þurftu at hafa.

En er þau *heldu¹ austr í hafit kómu at þeim víkingar; þat váru 82.8–83.6 /
Eistr. Tóku víkingar at herfangi bæði féit ok mennina, drápu suma, 263.9–
en sumum skiptu þeir með sér til ánauðar. Þar skilðiz Óláfr við 264.5.
móður sína. Tók þá við Óláfi ok Þórólfi fóstura hans ok Þorgilsi
syni Þórólfs sá maðr er Klerkon hét. Klerkoni þótti Þórólfr of
gamall til þrælkanar ok þótti ekki forverk í honum; því drap hann
Þórólfr, en hafði sveinana með sér til Eistlands ok seldi þá þeim
manni er Klerkr hét ok tók fyrir hafr einn heldr góðan. Hinn þriði
maðr keypti Ólaf litlu síðar ok gaf fyrir vesl gott eða slagning. Sá
maðr hét Reás, en kona hans hét Rekón, en son*þeira Rekóni.²
Var Óláfr þar með þeim húsbónda lengi síðan vel haldinn, þvíat
Reás unni engum mun *minna³ Óláfi en sínum syni. Óláfr var sex
vetr í þessi útlegð á Eistlandi. [. . .]

Þá kom til Eistlands Sigurðr Eiríksson móðurbróðir Óláfs; hann 83.8–11 /
var sendr af Valdamar konungi af Hólmgarði at heimta þar í landi 264.7–10.
skatta konungs. Fór Sigurðr ríkmannliga með miklu fiqlmenni. [. . .]

Flutti Sigurðr sveinana báða með sér til Hólmgarðs ok lét ekki 86.3–5 /
uppvíst fyrir mönnum um ætt Óláfs, en helt hann vel at qllum 265.1–3.
hlutum. [. . .]

Chapter 47

Þat var einn dag at Óláfr Tryggvason var úti staddr á torgi. Var 86.7–88.2 /
þar fiqlmenni mikit. Þar kenndi hann Klerkon er drepit hafði fóstura 265.5–
hans, Þórólfr *lúsarskegg.⁴ Óláfr hafði litla øxi í hendi; hann gekk 266.21.
at Klerkoni ok setti øxina í höfuð honum svá at stóð í heila. Tók
Óláfr *þegar⁵ hlaup heim til herbergis ok sagði Sigurði frænda
sínnum, en Sigurðr kom honum þegar í herbergi Allogie dróttningar
ok sagði henni tíðindin ok bað hana hiálpa sveininum. Hon leit á
sveininn ok mælti: ‘Eigi hæfir at drepa svá fríðan svein.’ Bað hon
þá alla sína menn koma þar með alvæpni. Í Hólmgarði var svá
mikil friðhelgi at drepa skyldi hvern er mann ódæmðan vá.

¹ BC¹D^{1,2}; komu A. ² D^{1,2}; hans rekni A, þeira rekin BC¹. ³ BC¹D^{1,2};
÷ A. ⁴ D¹; lusa skegg AD²; ÷BC¹. ⁵ BC¹D^{1,2}; ÷ A.

Nú þeystiz fram allr lýður eptir sið þeira ok lögum at leita eptir Óláfi, hvar hann væri niðr kominn. Vildu *þeir¹ hann af lífi taka sem lög buðu. Þá var sagt at hann var í garði dróttningar ok þar herr manns alvápnadr búinn at veria hann. Því næst kom þetta fyrir konung. Gekk hann *þá² til skiótt með sína hirð ok vildi eigi at þeir berðiz. Kom hann þá griðum á ok því næst sættum. Dæmði konungr bætr fyrir vígit, en dróttning helt *giöldum³ upp. Síðan var Óláfr með dróttningu; var hann henni miðk elskuligr ok ástúðigr öllu fólki.

*Pat⁴ váru lög í Garðaríki at þar skyldu ekki vera konungbornir menn nema at konungs ráði. Þá sagði Sigurðr dróttningu hveirrar ættar Óláfr var ok svá fyrir hveria sök hann var þar kominn, at hann mátti ekki í sínu landi vera fyrir ófriði ok umsátum sinna óvina; bað Sigurðr hana þetta tala fyrir konungi. Hon gerði svá ok bað konung hiálpa við konungssyni þessum, svá harðliga sem hann var við kominn. Kom hon svá með sínum fortölum at konungr iátaði því sem hon beiddi. Tók hann þá Ólaf á sitt vald ok helt hann vegliga sem konungssyni byriaði at vera haldinn. Dvalðiz Óláfr þar nfu vetr í Garðaríki með Valdamar konungi. Hann var allra manna fríðastr, mestr ok *sterkast⁵ ok at íþróttum um fram alla menn norræna þá er sögur ganga frá.

Chapter 48

88.3–18 / Hákon iarl Sigurðarson var með Haraldi *Gormssyni Dana-
267.2– konungi⁶ um vetrinn eptir er hann hafði stokkit ór Nóregi frá ríki
268.2. sínu fyrir Gunnhildarsonum. Hákon hafði svá miklar áhyggiur um vetrinn at hann lagðiz í rekkju; hann hafði andvokur miklar ok drakk eigi meira en hann mátti halda *við⁷ styrk sínum. Hann sendi menn um haustit leyniliga norðr í Þrándheim til vina sinna ok lagði þat ráð fyrir þá at þeir skyldi drepa Erlend konung ef þeir mætti; sagði hann sik *mundu apr⁸ hverfa til ríkis síns þá er sumraði. Þann vetr drápu Þrændir Erlend konung, sem fyrr er ritat.

Með þeim Háconi ok Gull-Haraldi var vinátta kær. Bar Haraldr fyrir Hákon ráðagerðir sínar; sagði Haraldr at hann vildi þá setiaz at landi ok létta⁹ hernaði. Hann spurði Hákon hvat hann ætlaði,

¹ BC¹D^{1,2}; þau A. ² BC¹D^{1,2}; ÷ A. ³ BC¹D^{1,2}; gerðum A. ⁴ BC¹; þar A, þav D^{1,2}. ⁵ BC¹D^{1,2}; styrkaztr A. ⁶ BC¹D^{1,2}; konungi gorms syni í danmörk A. ⁷ D^{1,2}; fyrir BC¹, ÷ A. ⁸ BC¹D^{1,2}; apr mundo A. ⁹ + af A.

hvárt Haraldr *konungr¹ mundi *vilja² skipta ríki við hann ef hann krefði. *Hákon svarar*: ‘Pat hygg ek at³ Danakonungr muni engra réttinda varna þér. En þó veiztu gørr *þetta mál ef þú ræðir⁴ fyrir konungi. Vænti ek at þú fáir eigi ríkit ef þú krefr eigi.’

Chapter 49

Litlu síðar talaði Gull-Haraldr við Harald konung *frænda sinn*, 89.1–9 / svá at nær váru margir ríkir menn beggia vinir. Krafði þá Gull- 268.2–12. Haraldr konunginn at *skipta* ríki við *sik* í helminga, svá sem burðir hans váru til ok ætt þar í Danaveldi. *Við þetta ákall⁵ varð Haraldr konungr reiðr miðr ok *svaraði svá*: ‘Engi maðr *dirfðiz at krefia* þess Gorm konung fōður *minn* at hann skyldi gōraz hálfkonungr yfir Danaveldi, eigi heldr hans fōður, Hōrða-Knútr, eða Sigurð orm í auga *eða⁶ Ragnar loðbrók.’ Hann gerði sik þá svá reiðan ok óðan at ekki mátti *mæla við hann.⁷

Gull-Haraldr unði þá miklu verr en áðr: hafði *nú* reiði konungs, 89.9–90.21 / en ríki ekki heldr en fyrr. Kom hann þá til Hákonar vinar síns ok 268.14– *kærði fyrir⁸ honum sín vandræði ok bað hann heilla ráða, ef til 270.15. væri, at hann mætti ná ríkinu; sagði at hann *hefði⁹ þat helzt hugsat at *hann mundi* sækia ríkit með styrk ok vápnum. Hákon *svarar*: ‘Þetta *skaltu* fyrir engum manni mæla svá at konungr *spyri* *þat.¹⁰ Þar liggv við líf þitt. Hugsu *þat* með siálfum þér til hvers þú munt fœrr verða. Þarf til slíkra stórræða at maðr sé diarfr ok ǫruggr, spari hvárki til góða hluti né illa at fram megi ganga þat er upp er tekit, en hitt er ófœrt at hefia upp stór ráð ok leggja síðan niðr með ósœmð.’ Gull-Haraldr svarar: ‘Svá *hefi ek þetta* *tilkall¹¹ upp tekit at eigi skal ek mínar hendr til spara at drepa siálfan konunginn ef hann vill synia mér þess ríkis er ek á með réttu at hafa.’ Skilia þeir þá ræðu sína.

Litlu síðar gekk Haraldr konungr til fundar við Hákon ok *tóku* þeir tal sitt; *sagði* konungr *Hákoni* hvert *ákall¹² Gull-Haraldr *hafði* haft við hann til ríkis ok svōr þau er hann veitti; segir *hann* svá at hann vill fyrir engan mun minnka ríki sitt. ‘En ef

¹ C¹D^{1,2}; dana konungr B, ÷ A. ² BC¹D^{1,2}; ÷ A. ³ + haralldr A. ⁴ BC¹D^{1,2}; ef þú ræðir þetta mál A. ⁵ BC¹D^{1,2}; Þessum ordum A. ⁶ BC¹D^{1,2}; ne A. ⁷ BC¹; orðum við hann koma AD², koma ordvum við hann D¹. ⁸ BC¹D^{1,2}; s. A. ⁹ C¹D²; hafi A, hafdi D¹. *Altered text in B.* ¹⁰ BC¹D²; þviat *and punctuation after* spyri A; ÷ D¹. ¹¹ BC¹; rað A, ÷ D^{1,2}. ¹² BD^{1,2}; til kall AC¹.

Gull-Haraldr vill *nökkut¹ halda á þessu tilkalli, þá er mér lítit fyrir at láta drepa hann, þvíat ek trúi honum illa ef hann vill eigi af þessu láta.' Iarl svarar: 'Þat hygg ek at Gull-Haraldr hafi þetta svá fremi upp *hafit* at hann *mun² þetta eigi láta niðr falla. Er mér þess ván, ef hann reisir ófrið hér í landi, at honum verði gott til liðs ok mest *fyrir vinsælda³ sakir fǫður hans. En þat er yðr hin mesta óhæfa at drepa frænda yðarn, þvíat allir munu kalla hann saklausan at svá búnu. Eigi vil ek ok þat mitt ráð kalla at þú gǫrir þik minna mann en faðir þinn var, Gormr *konungr*; iók hann miok sitt ríki, en minnkaði í engan stað.' Þá svarar konungr: 'Hvert er þá þitt ráð, Hákon? Skal ek eigi miðla ríkit ok ráða af hendi mér þenna ugg?' Iarl svarar: 'Kom þú nökkurum dögum síðar, *þvíat* ek vil hugsa þetta vandamál, ok *mun* ek þá veita nökkurn órskurð.' Gekk þá konungr *brottu* ok hans menn.

Chapter 50

91.1–92.8 / Hákon iarl hafði nú enn hinar mestu áhyggiur ok ráðagørðir; lét 270.18– *hann* fá menn vera í húsinu hiá sér. Fám dögum síðar kom Haraldr 272.13. konungr til *tals við hann*; spurði konungr ef iarl hefði hugsat þá ræðu er þeir kómu á *hinn* fyrra dag. Iarl svarar: 'Par hefi ek vakat⁴ um nótt ok dag síðan ok finnz mér þat helzt ráð til, at þú hafir ok *haldir* ríki þat allt er þinn faðir átti ok þú tókt eptir hann. En *þú* fá í hendr Haraldí frænda þínum annat konungs ríki, þat er hann megi sœmðarmaðr af verða.' 'Hvert er þat ríki,' segir konungr, 'er ek má **heimolliga* fá Haraldí⁵ ef ek hefi óskert Danaveldi?' Iarl svarar: 'Pat er Nóregr, *herra*. Konungar þeir er þar eru eru *leiðir* ǫllu landsfólki; vill hverr maðr þeim illt, sem vert er.' Konungr *svarar*: 'Nóregr er land mikit. *Par* er fólk hart ok illt at sækia með útlendan her. Gafz oss svá þá er Hákon *Adalsteinsfóstri* varði landit, létum vér lið mikit, en varð engi sigr unninn. Er Haraldr Eiríksson fóstrson minn ok knésetningr.' Iarl svarar: 'Lǫngu vissa ek þat at þér *hafid* *opt veitt *qruggan* styrk⁶ Gunnhildarsonum, en þeir hafa yðr þat engu launat nema illu. Nú skulu vér komaz miklu léttligarr at Nóregi en beriaz til með allan Danaher. Send þú boð Haraldí fóstrsyni þínum ok bióð honum at

¹ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ² BC¹; muni A. *The sentence is omitted in D^{1,2}.* ³ BC¹D^{1,2}; til uín sælda fyrir A. ⁴ + ok hugsat A. ⁵ BC¹D^{1,2}; fa haralldi heimolliga A. ⁶ BC¹D^{1,2} (qruggan] gnogan D^{1,2}); nogan styrk ueitt A.

taka af þér land í lén, þat er þeir bræðr höfðu fyrr hér í Danmörk; stefn honum svá á þinn fund. Má Gull-Haraldr þá á lítilli stundu afla ríkis í Nóregi af Haraldi gráfeld.' Konungr mælti: 'Þetta mun mér kallat illt verk at svíkia fósterson minn.' Hákon svarar: 'Þat munu Danir kalla at betra skipti sé at drepa heldr víking norrœnan en bróðurson sinn *daskan.'¹ Tala þeir konungr ok iarl hér um langa hríð, þar til er þetta semz með þeim.

Chapter 51

Gull-Haraldr kom enn til *Hákonar iarls² ok tala þeir; segir iarl at 92.9–
*hann hefir nú fylgt hans málum svá³ at meiri ván *er⁴ at ríkit í 93.15 /
Nóregi líggi laust fyrir honum. 'Skulu vit þá,' segir hann, 'halda 272.16–
felagskap okkrum; mun ek mega veita þér mikit traust í Nóregi. 274.12.
Haf þú fyrst *þat⁵ ríki. Haraldr konungr frændi þinn er maðr
gamall, en á þann einn son er hann ann lítit, ok þó ekki arfborinn.'
Talar Hakon *fyrir Gull-Haraldi⁶ þar til er hann lætr sér þetta vel
líka.

Síðan tala þeir optliga allir samt, konungr *ok⁷ iarl ok Gull-Haraldr.

Litlu síðar sendi Danakonungr menn sína norðr í Nóreg á fund Haralds gráfelds. Var sú ferð búin allvegliga. *Tók Haraldr gráfeldr vel við sendimönnum.* Segia þeir þau tíðindi at Hákon iarl er í Danmörk ok liggir banvænn ok nær ørviti. *Þar með segia þeir at Haraldr Danakonungr bauð til sín Haraldi gráfeld *fóstrsyni⁸ sínum at taka af sér veizlur, svá sem þeir bræðr höfðu fyrr haft í Danmörk, ok bað hann finna sik á Íótlandi.* Haraldr gráfeldr bar þetta mál fyrir Gunnhildi ok *aðra⁹ vini sína. Lögðu menn þar allmisiafnt ráð til. Sumum þótti þessi ferð ekki trúlig, svá sem þar *var¹⁰ mönnum fyrir skipat, *en fleiri fýstu at fara skyldi, þvíat þá var svá mikill sultr í Nóregi at konungar fengu varla föett *lið¹¹ sitt. Af því fekk fiqrðrinn þat nafn, þar sem konungarnir sátu *optast,¹² at hann hét Harðangr. Árferð var þá í Danmörk til nokkurrar hlítar; hugðuz menn þaðan mundu fong fá ef Haraldr gráfeldr hefði þar lén ok yfirsókn. Var þat ráðit áðr sendimenn*

¹ BC¹D²; sænskan A, norrœnan D¹. ² BC¹D^{1,2}; motz við hakon j. A.
³ BC¹D^{1,2}; nu hefir hann sva fylgt hans malum A. ⁴ BC¹D^{1,2}; se A.
⁵ BC¹D^{1,2}; þar A. ⁶ BC¹D^{1,2}; við gullharald A. ⁷ BC¹D²; ÷ AD¹. ⁸ D^{1,2};
fostra ABC¹. ⁹ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ¹⁰ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ¹¹ BC¹D^{1,2}; folk A.
¹² BC¹D^{1,2}; lengztum A.

fóru í brott at Haraldr **Gunnhildarson*¹ mundi koma til Danmerkr um sumarit á fund Danakonungs ok taka af honum þenna kost sem hann bauð.

Chapter 52

93.16– Haraldr gráfeldr fór um sumarit til Danmerkr ok hafði sex langskip.
94.16/ Stýrði einu Arinbiörn hersir ór Fiörðum. Haraldr konungr sigldi
274.15– út ór Víkinni yfir til Limafiarðar ok lagðiz þar at Hálsi. Var honum
275.21. sagt at Danakonungr mundi þar *skiótt* koma.

En er þetta *spurði* Gull-Haraldr helt hann þangat níu skipum; hann hafði áðr búit lið þat at fara í víking. Hákon iarl hafði ok búit sitt lið ok ætlaði í hernað; hann hafði tólf skip ok ǫll stór. En er Gull-Haraldr var brott farinn, þá *kom* Hákon iarl *til Haralds konungs ok sagði svá*: ‘Nú veit ek eigi nema vér róim leiðina ok gialdim **leiðvítit*.² Nú mun Gull-Haraldr drepa Harald gráfeld; síðan mun hann taka konungdóm í Nóregi. Ætlar þú, **konungr*,³ þér hann þá tryggan **ef*⁴ þú fær honum svá mikinn styrk, er hann mælti þat í vetr fyrir mér at **hann*⁵ mundi drepa þik ef hann kæmiz í færi um? Nú mun ek vinna Nóreg undir þik ok drepa Gull-Harald ef þú vill því heita mér at ek skal auðveldliga sættaz við yðr þar fyrir. Vil ek þá geraz yðarr iarl ok binda þat swardögum ok vinna Nóreg undir yðr með yðrum styrk, halda síðan landinu undir yðvart ríki ok gialda yðr skatta. Ertu þá meiri konungr en þinn faðir ef þú ræðr tveimr þjóðlondum.’ Þetta semz með þeim konungi ok iarli. Ferr Hákon þá með liði sínu at leita Gull-Haralds.

Chapter 53

94.17– Gull-Haraldr kom til Háls í Limafirði. Bauð hann þegar Haraldi
96.9/ gráfeld til orrostu. En þó at *hann* hefði lið minna *en Gull-Haraldr*,
276.3– þá gekk hann þegar á land ok bióz til orrostu ok fylkði liði sínu.
277.17. En áðr fylkingar gengu saman, þá *eggjaði* Haraldr gráfeldr miðk lið sitt, bað *menn* bregða sverðunum *ok beriaz hraustliga*. *Gekk hann* þegar fram í ǫndverða fylking ok hió til beggia handa. Svá segir Glúmr Geirason í Gráfeldardrápu:

¹ BC¹D^{1,2}; ÷A. ² BC¹D^{1,2}; leiþar vítit A. ³ BC¹D^{1,2}; ÷A. ⁴ BC¹; er AD^{1,2}. ⁵ BC¹D^{1,2}; ÷A.

Mælti mætra hialta
 malmóðinn sá, blóði,
 þróttar orð, er þorði
 þjóðum völl at rióða.
 Víðlendr of það vinda
 verðung Haraldr sverðum,
 frægt þótti þat flotnum
 fylkis orð, at morði.

Þar fell Haraldr gráfelldr. Svá segir Glúmr *Geirason:¹

Varð á víðu borði
 viggium holtr at liggia
 gætir *gamla* sóta
 garð Eylimafiarðar.
 Sendir fell á sandi
 sævar báls at Halsi.
 Olli iofra spialli
 orðheppinn því morði.

Þar fell flest lið Haralds. Þar fell Arinbiörn hersir. Þá *váru liðnir* frá falli Hákonar Aðalsteinsfóstra fimmtán vetr *at sögn Ara prests Þorgilssonar*, en frá falli Sigurðar Hlaðaiarls þrettán vetr. [. . .] Svá segir Ari prestr *Þorgilsson² at Hákon *Sigurðarson*³ væri þrettán vetr iarl yfir fýrðurleifð sinni í Prándheimi áðr Haraldr gráfelldr fell, en sex hina síðustu er Haraldr gráfelldr lifði segir Ari at Hákon *iarl* ok Gunnhildarsynir bqrðuz um Nóreg ok stukku ýmsir ór landi.

Chapter 54

Hákon iarl ok Gull-Haraldr funduz litlu síðar en Haraldr gráfelldr 96.10–
 fell. *Lagði* Hákon *þegar* til orrostu við Gull-Harald. Fekk Hákon 97.13 /
 sigr, en Gull-Haraldr varð handtekinn ok lét Hákon hann festa á 277.19–
 gálga. Síðan fór Hákon á fund *Haralds* Danakonungs ok sættiz 279.10.
 við hann auðveldliga um dráp Gull-Haralds frænda hans.

¹ BC¹D¹; ÷ AD². ² BC¹D^{1,2}; ÷ A. ³ AD^{1,2}; j. BC¹. Cf. *HkrFJ I 277.13*.

*Því næst bauð Haraldr konungr *her út um allt sitt ríki.¹ Þar var þá með konungi Hákon iarl ok þá var til hans kominn Haraldr grenski, son Guðraðar konungs Biarnarsonar; fór hann með Danakonungi ok mart annarra ríkismanna, þeira er flýit höfðu óðol sín ór Nóregi fyrir Gunnhildarsonum. Helt Danakonungr her þessum sunnan í Víkina; [†]hann hafði siau hundruð skipa.² Gekk þá landsfólk allt undir hann. En er Haraldr kom til Túnsbergs dreif til hans mikit fiölmenni; fekk hann lið þat *allt³ í hendr Hákonu iarli er til *hans⁴ hafði komit í Nóregi. Gaf Haraldr konungr Hákonu til forráða Rogaland, Hjørðaland, Sogn, Firðafylki, Sunnmæri, Raumsdal *ok⁵ Norðmæri. Þessi siau fylki gaf Haraldr konungr Hákonu iarli til forráða með þvílíkum formála sem Haraldr konungr hinn hárfagri gaf sonum sínum, nema þat skilði at Hákon skyldi þar eignaz ok svá í Þrándheimi öll konungsbú ok landskyldir. Hann skyldi ok hafa *konungsfé⁶ sem hann þyrfti ef herr væri í landi.*

Haraldr konungr gaf Haraldu grenska Vingulmörk, Vestfold ok Agðir til Líðandisness ok konungsnafn ok lét hann hafa þat ríki með öllu slíku sem *at fornu⁷ höfðu haft frændr hans ok Haraldr hárfagri gaf sonum sínum. Haraldr grenski var þá átián vetra. Fór þá *Haraldr Danakonungr⁸ heim til Danmerkr með her sinn.

Chapter 55

- 97.14–99.7/ Hákon iarl fór með liði sínu norðr með landi. En er Gunnhildr ok 279.12– synir hennar spurðu þat, þá *sqmnuðu* þau her ok varð illt til liðs. 281.19. Tóku þau þá enn hit sama ráð sem fyrr, at þau *sigldu⁹ vestr um haf með þat lið er þeim vildi fylgia. Fóru þau fyrst til Orkneyia ok dvölduz þar um hríð. Þar vátu áðr iarlar synir Þorfinns hausakliúfs, Hlōðver, Arnfinnr, Liótr ok Skúli.

Hákon iarl lagði þá land allt undir sik ok sat *um vetrinn* í Þrándheimi. Þess getr Einarr skálaglamm í Velleklu:

Siau fylkium kom silkis,
snúnaðr var þat, brúna
geymir grundar síma
grandvarr und sik, landi.

¹ BC¹D^{1,2}; ut her vm alt ríki sítt A. ² from ÓIH, see ÓIHJH 24.16–17.
³ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ⁴ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ⁵ C¹; ÷ ABD^{1,2}. ⁶ BC¹D^{1,2}; fe A.
⁷ BC¹D^{1,2}; fyrr A. ⁸ BC¹; har' Gor .s. AD^{1,2}. ⁹ BC¹D^{1,2}; helldo A.

Þá er Hákon iarl fór sunnan með landi um sumarit ok landsfólkit gekk undir hann bauð hann um allt sitt ríki at menn skyldu halda upp hofum ok *efla blót*, ok svá var gert. Svá segir *Einarr skálaglamm*:

Öll lét senn hinn svinni
 sǫnn Einriða mǫnnum
 herium kunn of heriuð
 hofs lǫnd ok vé banda,
 áðr vé iǫtna vitni
 valfalls, of síá allan,
 þeim stýra goð, geira
 garðs Hlóriði *varði*.

Nú liggr allt und iarli,
 ímunborðs, fyrir norðan,
 veðrgæðis stendr víða,
 Vík Hákonar ríki.

Hinn fyrsta vetr er Hákon iarl réð landi gekk síld upp um allt land, ok áðr um haustit hafði korn vaxit hvar sem *sáit¹ hafði verit. En um várit ofluðu menn sér frækorna svá at flestir *bændr² seru iarðir sínar, ok varð þat brátt árvænt. *Friðr var þá ok góðr innanlands*.

Þá váru tveir *einir* eptir á lífi synir Gunnhildar ok Eiríks *konungs*, 99.7–101.7/
 Ragnfrøðr ok Guðrøðr. Svá segir Glúmr Geirason í Gráfeldar- 282.2–
 drápu: 284.14.

Fellumk half þá er hilmis
 hiǫrdrífa brá lífi,
 réðat oss til auðar,
 auðván, Haralds dauði.
 En ek veit at hefir heitit
 hans bróðir mér góðu,
 síá getr þar til sælu
 seggfiǫlð, *hvaðartveggi.³

¹ B; sǫð AC¹; ð D^{1,2}. ² BC¹; menn A; ð D^{1,2}. ³ C¹; huaðartueggiu A, hvara tvegio B, hvartteggi D¹, huortueggi D².

Ragnfrøðr konungr *Gunnhildarson* byriaði *ferð sína um várit¹ vestan *um haf* til Nóregs þá er hann hafði einn vetr verit í Orkn-eyjum. *Hann* hafði frítt lið ok skip stór. En er hann kom í Nóreg spurði hann at Hákon iarl var *norðr* í Þrándheimi. Helt Ragnfrøðr *konungr* þá norðr um Stað ok heriaði um Sunnmæri, en sumt fólk gekk undir hann sem optast verðr þá er herflokkar ganga yfir land, at þeir er fyrir eru leita sér hiálpar, hverr þangat *sem² vænst þikkir.

*Pyri grét sárliga ok fór miök nauðig. En er þau kómu í Vinðland, þá gerði Búrizláfr konungr brúðhlaup sitt ok fekk Pyri dróttningar. En er hon var með heiðnum mǫnnum, þá vildi hon hvárki þiggja at þeim vist né drykk. Fór svá siau daga. Síðan hliópuz þau Pyri dróttning ok Qzurr fóstri hennar *í brott¹ um nótt til skógar. Er þat skiótaz frá þeira ferð at segja at þau kómu fram í Danmørk, ok þorði Pyri fyrir engan mun þar at vera, þvíat hon þóttiz vita at Sveinn konungr mundi þegar er hann vissi þarkvámu hennar senda hana aptr til Vinðlands. Fóru þau þaðan ok allt hulðu höfði þar til er þau kómu norðr í Nóreg á fund Óláfs konungs. Tók hann við þeim vel, ok váru þau þar í góðum fagnaði. Sagði Pyri Óláfi konungi allt um sín vandræði ok bað hann hiálpræða ok beiddi sér friðlands í hans ríki. Pyri var kona orðsniöll, ok virðuz konungi vel ræður hennar. Hon var ok fríð kona sýnum ok kurteislig. Kom konungi þá í hug at þat mundi vera gott kvánfang at fá hennar. Veik hann síðan þannig sinni ræðu at hann spurði ef hon vildi giptaz honum. En svá sem hennar ráði var þá komit, ok í annan stað sá hon hversu þat giaforð var farsælligt at giptaz svá ágætum konungi, þá sýndiz henni vant at neita þessu boði ok bað konung síá ráð fyrir sér ok sínum kosti. En er þetta mál var talat, þá fekk Óláfr konungr Pyri ok fastnaði hon sik sialf at ráði Qzurar fóstura síns. [. . .]*

[. . .] at þeir menn allir, svá karlar sem konur, er sannir ok kunnir 82.5–14 / yrði at því at færi með galdra ok gǫrningar, einkanliga seiðmenn, 374.8–17. *skyldu² allir fara af landi á brott. Síðan lét konungr leita at³ þess háttar mǫnnum um Víkina ok öll nálæg heruð ok byggðir ok bauð

¹ D²; aa braut A, ÷ BC¹. ² BC¹D²; skyldi A. ³ + ollum A.

þeim öllum á sinn fund. En er þeir kómu til konungs var þat fiöldi manna, ok var einn allra þeira foringi. Sá hét Eyvindr kelda. Hann var seiðmaðr ok allmiðk fiðlkunnigr. Eyvindr var ættstórr ok auðigr. Hann var sonarson Rognvalds réttilbeina sonar Haralds konungs hárfagra. [. . .]

82.17–83.1/ [. . .] þá skipaði hann öllu þessu fólki í eina mikla stofu. Þar var 374.17–19. búiz um vel ok gorr þeim öllum hin bezta veizla ok gefinn hinn styrkasti drykkir ok borinn kappsamliga. [. . .]

83.17–84.3/ Konungr lét um kveldit leggja eld í stofuna. Voknuðu heiðingiar 375.1–5. eigi fyrr en eldr lék um þá. Brann þar stofan ok allt þat er inni var, nema Eyvindr kelda komz út um *lióran¹ með fiðlkynngi ok fiandans krapti. Leitaði hann svá á braut ok forðaðiz sem mest at sinni fund Óláfs konungs. En er Eyvindr var langt á leið kominn fann hann *einn dag á leið sinni² nokkura menn saman. [. . .]

84.6–13/ ‘[. . .] ok segið honum svá, at Eyvindr kelda er kominn *brott³ ór 375.5–12. eldinum ok þat vænna at hann komi ekki síðan á vald Óláfs konungs. En allt á sömu leið ok fyrr mun fara með alla seið sína ok fiðlkynngi, útan nokkut megi við auka. Fór Eyvindr þá leið sína, en þessir menn kómu á konungs fund ok sögðu honum erendi Eyvindar ok öll orð hans, sem hann hafði þeim boðit. Konungr lét illa yfir er Eyvindr var eigi dauðr [. . .]

Chapter 197

84.15–85.3/ Óláfr konungr sendi boð um Víkina at hann vill lið hafa úti um 375.14– sumarit ok fara norðr í land. Fór konungr siálfir ok hirðin þegar er 376.4. váraði út eptir Víkinni ok tók veizlur at stórbúum sínum. Sótti hann norðr á Agðir ok Rogaland er á leið langaföstu. Hann kom páskauptaninn í Kormt á Ögvaldsnes. Var þar búin fyrir honum páskaveizla. [. . .]

Chapter 198

86.1–87.18/ Svá er sagt at þat fyrsta kveld er Óláfr konungr þá páskaveizlu á 377.9–379.4. Ögvaldsnesi kom þar maðr gamall, miðk orðspakr, einsýnn ok

¹ C¹; glugginn AB, glvggan D¹, laundryrr D². ² D^{1,2}; aa vegh sinum einn d. A, einn .d. a veg sínum BC¹. ³ BC¹D¹; braut A, burt D².

augdapr, ok hafði hatt síðan. Hann kom sér í tal við konung, ok þótti konungi gaman at ræðum hans, þvíat hann kunni af öllum löndum tíðindi at segia, eigi síðr forn en ný. Spurði konungr *hann¹ margra hluta, en gestrinn fekk *órlausn² til allra spurninga. Sat konungr lengi um kveldit. *Ok um síðir spurði* konungr ef hann vissi *hvat manna* Qgvaldr hefði verit er bærinn *var³ við kenndr ok nesit. Gestrinn svarar: 'Qgvaldr var konungr ok hermaðr mikill; hann blótaði mest kú eina ok hafði hana með sér hvar sem hann fór á síá eða landi. Þótti honum heilsamligt at drekka iafnan miólk hennar. *Ok er sá orðskviðr þaðan er margir hafa, at allt skal fara saman, karl ok kýr.* Qgvaldr konungr barðiz við þann konung er Varinn hét. Ok í þeiri orrostu fell Qgvaldr konungr. Var hann þá hér heygðr skammt frá bænum á nesinu, ok þar settir upp⁴ bautasteinar þeir er enn standa hér á nesinu. En í annan haug héðan skammt frá var lugin kýrin.' Slíka hluti ok marga aðra sagði hann frá fyrrum tíðindum ok af fornkonungum.

En er lengi var setit á nótt fram, þá minnti byskup konung á at mál væri at ganga at sofa. Gørði konungr þá svá. En er hann var afklæddr ok hafði lagiz í sængina, þá kom þar gestrinn gamli ok settiz á fótiskörina ok talaði enn lengi við konung, þvíat konungi þótti orðs vant er annat var talat. Sigurðr byskup lá í næstu hvílu konungs sænginni. *Ok er konungr hafði lengi vakat mælti byskup at mál væri at sofa. Hneigðiz konungr þá at hægindum ok þótti *þó⁵ mikit fyrir at létta talinu.* En gestrinn gekk út. *Konungr sofaði skiótt ok fast ok hraut miök. Hann vaknaði litlu síðar ok spurði þegar at gestinum, bað hann kalla⁶ til sín. Var hans þá leita farit ok fannz hvergi. Þá stóð byskup upp ok klæddiz. Konungr spurði ef þegar væri mál til tíða. Byskup sagði at svá var. Klæddiz konungr þá ok bað kalla til sín matbúðarmenn ok steikara ok spurði ef nokkurr ókunnr maðr hefði komit til þeira fyrir litlu. Þeir svoruðu: 'At vísu, herra, kom til vár maðr aldraðr, sá er vér kenndum eigi, þá er vér bioggum veizlu þessa. Hann sagði at vér syðim furðu illt slátr ok kvað ekki hæfa at bera slíkt á konungs borð á iafnmikilli hátíð sem í hønd fer. Fekk hann oss þá tvær nautssíður, digrar ok feitar, ok suðum vér þær með öðru kiöti.'* [. . .]

¹ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ² C¹; or lausnir ABD^{1,2}. ³ BC¹D^{1,2}; er A. ⁴ + hia A.
⁵ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ⁶ + þangat A.

Chapter 199

89.1–17 / *Nú er þar til at taka at á þessi sǫmu páskanótt kom þar við eyna*
 376.5– *Eyvindr kelda; hann hafði mikit langskip alskipat. Váru þat allt*
 377.5. *seiðmenn ok fiqlkunnigt fólk. Eyvindr gekk upp af skipi ok *qll*
sveit¹ hans. Tóku þá at magna fiqlkynngi sína. Gørði Eyvindr
þeim hulizhiálm ok þokumyrkr svá mikit at konungr ok lið hans
skyldi eigi mega síá þá. En er þeir kómu nær bænum á Ögvaldsnesi,
þá varð miqk annan veg en Eyvindr hafði ætlat. Þokumyrkvi sá er
hann hafði gort með fiqlkynngi stóð yfir honum ok hans fǫruneyti.
Urðu þeir allir senn svá blindir at þeir sá eigi heldr augum en
hnakka ok gengu allir í hring ok í kring. En varðmenn konungs
sá hvar þeir fóru ok vissu eigi hvat flokki þat var. Var þá sagt
konungi í þann tíma er lokit var óttusǫng. Konungr gekk út. Ok er
hann sá hvar þeir Eyvindr fóru bað hann menn sína vápna sik ok
**ganga til at² vita hvat mǫnnum *þat³ væri er svá fóru undarliga.*
Þeir gǫrðu svá. Kenndu konungsmenn þar Eyvind keldu, tóku þá
alla ok leiddu heim til bæiar ok síðan á konungs fund, er hann
gekk frá messu. Sagði Eyvindr þá allan atburð um sína ferð, [. . .]

91.3–6 / *En annan dag eptir váru þeir fluttir í eitt flæðisker at konungs*
 377.5–7. *ráði skammt frá eyiunni, blindir ok bundnir. Létu þeir Eyvindr*
 þar allir líf sitt, ok er þat síðan kallat Skrattasker. [. . .]

Chapter 200

91.13– *Sigurðr er maðr nefndr, en annarr Haukr. Þeir váru háleyskir menn*
 92.18 / *at ætt, ungir at aldri, miklir ok styrkir ok hǫfðuz miqk í kaup-*
 389.8– *ferðum. Þetta sama vár er Óláfr konungr sigldi austan ór Víkinni*
 390.7. *sigldu þeir Sigurðr ok Haukr vestr til Englands. En er þeir kómu*
aptr til Nóregs at áliðnu sumri, þá sigldu þeir norðr með landi.
Þeir mœttu liði Óláfs konungs á Norðmæri. En er konungi var
sagt at þar váru kaupmenn háleyskir komnir af Englandi ok váru
heiðnir, þá lét hann kalla stýrimenn til sín ok spurði ef þeir vildi
taka trú ok láta skíraz, en þeir neituðu því skiótt. Konungr talði
fyrir þeim marga vega fagrliga ok fekk ekki af þeim þat er hann
vildi. Hét hann þeim þá afarkostum, lífláti eða lima, ok gerði þat
ekki. Þá lét konungr setia þá í iárn ok hafði með sér norðr til

¹ BC¹D^{1,2}; alt folk A. ² BC¹D¹; fara at A, ÷ D². ³ BC¹D^{1,2}; þeir A.

Þrándheims. Váru þeir um hríð haldnir í fiqtrum. Konungr kom opt til þeira, hét þeim sæmdum ok sinni vináttu, en stundum hqrdum píslum, ok stoðaði ekki, þvíat þeir gengu hvárki fyrir blíðu né stríðu. En á einni nótt hurfu þeir á braut ór varðhaldinu, svá at engi maðr spurði til þeira ok engi vissi með hverium hætti þeir hefði í braut komiz. [. . .] Síð um haustit kómu þeir fram bræðr, Sigurðr ok Haukr, norðr á Hálogalandi með Háreki í Þióttu. Tók hann allvel við þeim, ok váru þeir þar um vetrinn með honum í góðu yfirlæti.

Chapter 204

[. . .] Þat var um várit einn veðrdag góðan at Hárekr var heima ok fátt manna á bænum. Þótti honum daufligt. *Þeir bræðr fylgðu honum iafnan. Þá spurði Sigurðr ef bóndi vildi at þeir færi nokkur at skemmta sér. Þat líkaði Háreki vel, gengu síðan til strandar ok settu fram sexæring. Tók Sigurðr ór nausti segl ok reiða er fylgði skipinu, sem þeir váru opt vanir at hafa *með sér¹ þó at þeir færi skammt at skemmta sér. Hárekr gekk út á skipit ok lagði stýri í lag. Þeir Sigurðr bræðr hqfðu alvæpni sitt sem þeir váru vanir at ganga heima með bónda. Báðir váru þeir manna *sterkastir.² En áðr þeir gengi út á skipit, þá kqstuðu þeir út smiqrlaupum nokkurum ok brauðkass ok báru í milli sín mikla mungátsbyttu á skipit. Hárekr bióz um aprt á skipinu ok geymði ekki um hvat þeir bræðr hqfðuz at. Síðan reru þeir frá landi. Vindr var á lítill norðan ok veðrit blítt. En er þeir váru skammt komnir frá eyiunni, þá færðu þeir *bræðr³ segl upp, en Hárekr stýrði. Bar þá brátt frá eyiunni. Því næst gengu þeir bræðr aprt þar til sem Hárekr sat ok spurðu hvert hann ætlaði at þeir skyldi fara. Hann sagði at þeir mundi sigla at skemmta sér til hinnar næstu eyiar. Sigurðr mælti: ‘Svá er nú komit, bóndi, at þú skalt hér nú kíosa um kosti nokkura. Sá er hinn fyrsti at þú skalt okkr bræðr láta ráða fyrir ferð várri ok stefnu. Skal þá gera vel við þik sem þú ert makligr. Hinn er annarr kost, at láta okkr binda þik. Sá er hinn þriði at vit munum drepa þik.’ Hárekr sá þá hvar komit var hans máli; hann var eigi betr en andvígr qðrum þeira bræðra ef þeir váru iafnbúnir. Kaus hann fyrir *því⁴ þann af *er⁵ honum þótti vildastr, at láta þá ráða fyrir ferðinni. Batt hann þat svardqgum ok seldi *þeim⁶ trú sína til*

^{1,3,4,6} BC^{2,6,9}D^{1,2}; ÷ A. ² BC^{2,6,9}D^{1,2}; styrkazitir A. ⁵ BC^{2,6,9}D¹; sem AD².

þess. Gekk þá Sigurðr til stiórnar ok stefndi suðr með landi. *Gættu* þeir bræðr þess at þeir skyldu hvergi menn finna, en byri gaf sem bezt ok *blíðast*. Léttu þeir ferðinni eigi fyrr en þeir *kómu* suðr til Prándheims ok inn til Niðaróss *á fund Óláfs konungs*. Konungr lét Hárek kalla *til tals* við sik ok bauð honum at láta skíraz. Hárekr mælti í móti. Þetta *toluðu* þeir konungr ok Hárekr *með sér* marga daga, stundum fyrir *fiðmenni*, stundum í **einmæli*.¹ Kom þar ekki ásamt með þeim. Ok at lykðum *sagði* konungr Háreki: ‘Nú skaltu fara heim, ok vil ek **ekki*² granda þér. Fyrst heldr þat til at frændsemi er mikil í milli okkar, þat annat at þú munt kalla at ek *hafí* þik með svikum *fangit*. Vit þat til sanns at ek ætla í sumar at fara norðr þangat at vitia yðvar Háleygianna. Skulu þér þá *prófa* hvárt ek kann refsa þeim er neita kristninni.’ Hárekr lét vel yfir því at hann *kæmiz* sem fyrst þaðan í **brott*.³ Óláfr konungr fekk Háreki skútu góða; reru á borð tíu menn eða tólf. Lét *konungr* búa skip þat sem bezt at qllum fongum. Þar með fekk konungr Háreki til fylgðar þriá tigi manna, *vaska drengi* ok vel búna.

117.7– Fór Hárekr þegar **í brott*⁴ er hann var búinn, en Haukr ok Sigurðr 119.4 / váru *eptir* með konungi ok létu báðir skíraz.
393.2– Hárekr fór leið sína þar til er hann kom heim í Þióttu. Hann 394.19. sendi þegar orð Eyvindi kinnrifu, vin sínum, ok bað svá segia **honum*⁵ at Hárekr ór Þióttu hafði fundit Óláf konung ok hafði eigi kúgaz látit at taka við kristni. Hitt annat bað hann segia *Eyvindi*, at Óláfr konungr ætlar um sumarit at fara með her á hendr þeim; *sagði* Hárekr at þeir *mundi* þar verða varhuga við at gialda; bað Eyvind koma sem fyrst á sinn fund. En er þessi erendi váru borin Eyvindi, þá *sá* hann at ærin nauðsyn *mundi* til vera at gera þat ráð fyrir at þeir verði eigi upptækir fyrir *Óláf* konungi. Fór Eyvinðr þegar sem skyndiligast með hleypiskútu ok fá menn á. En er hann kom til Þióttu *fagnaði* Hárekr honum vel. *Gengu* þeir þegar á *eintal tveir* samt annan veg frá bænum. En er þeir *hofðu* litla hríð talat, þá *komu* þar konungs menn þeir er Háreki *hofðu* **norðr*⁶ fylgt. *Gripu* þeir Eyvind hǫndum ok *leiddu* hann til skips með sér. *Fóru* þeir brott með Eyvind, ok létu þeir sinni ferð eigi fyrr en þeir *kómu suðr* til Prándheims ok *fundu* Óláf **konung*⁷ í

¹ D^{1,2}; einmælum AC^{2,6,9}, hliod mælvum B. ² D^{1,2}; eigi ABC^{2,6,9}.
³ BC^{2,9}D^{1,2}; braut A, brutt C⁶. ⁴ C^{2,6,9}; brotto A, brott D^{1,2}, ÷ B. ⁵ C^{2,6,9}; ÷ ABD^{1,2}. ⁶ D^{1,2}; þangat AC^{2,6,9}, heim B. ⁷ BC^{2,6,9}D^{1,2}; ÷ A.

Niðarósi. Var Eyvindi þá fylgt á konungs fund. Bauð konungr honum sem qðrum mǫnnum at taka skír. Eyvindr kvað þar nei við. Konungr bað hann blíðum orðum at taka rétta trú ok sagði honum marga skynsemi, ok svá byskup, af dýrð ok iartegnum almáttigs guðs, ok skipaðiz Eyvindr ekki við þat. Þá bauð konungr honum gíafar virðuligar ok veizlur stórar ok hét honum þar með fullkominni sinni vináttu, ef hann vildi láta af heiðni ok taka skír, en Eyvindr neitti því ǫllu þráliga. Þá hét konungr honum meizlum eða dauða. Ekki skipaðiz Eyvindr við þat. Síðan lét konungr bera inn munlaug fulla af glóðum ok setia á kvið Eyvindi, ok brátt brast kviðrinn sundr. Þá mælti Eyvindr: ‘Taki af mér munlaugina. Ek vil mæla ǫkkur orð áðr ek dey.’ Þá var svá gǫrt. Konungr mælti: ‘Viltu nú, Eyvindr, trúa á Krist?’ ‘Nei,’ sagði hann. ‘Ek má enga skír fá [. . .]’

Eptir þat dó Eyvindr. Hafði hann verit hinn fiǫlkunnigasti maðr. 119.14–15 / 395.3–4.

Chapter 206

Óláfr konungr var mestr íþróttamaðr í Nóregi þeira manna er menn hafa frá sagt um alla hluti. Hverium manni var hann styrkari ok fimari, ok eru þar margar frásagnir ritaðar um þat. Ein sú er hann gekk á árum útbyrðis er menn hans reru á langskipi ok lék at þrimr handsǫxum senn, svá at íafnan var eitt á lopti, ok hendi æ meðalkaflann. Hann vá íafnt báðum hǫndum ok skaut tveim spiótum senn, manna fimastr við handboga ok allsháttar bogaskot ok syndr hverium manni betr. Brattgengri var hann í biǫrg en hverr maðr *annarra,¹ sem síðar mun sagt verða.²

Óláfr konungr var allra manna glaðastr ok leikinn miǫk, blíðr ok lítillátr, ǫrr ok stórgíofull, ákafamaðr mikill um marga hluti, skartsamr ok sundrgerðamaðr mikill, fyrir ǫllum mǫnnum um frækneik í orrostum, allra manna grimmastr þá er hann var reiðr ok kvalði miǫk óvini sína. Suma brenndi hann í eldi, suma lét hann ólma hunda rífa í sundr, suma lemia eða kasta fyrir há biǫrg. Váru af slíkum *sǫkum³ vinir hans ástúðigir við hann, en óvinir hans hrædduz hann. Varð því mikil framkvæmð hans um kristniboð ok aðra hluti, bæði innanlands ok í qðrum lǫndum, at sumir gerðu hans vilia með blíðu ok vináttu, en sumir fyrir hræzlu sakir.

¹ BC¹D^{1,2}; anar A. ² ÷ BC¹D^{1,2}. ³ BC¹D^{1,2}; lutum A.

Chapter 209

- 126.18– Um várit eptir *aftöku Eyvindar kinnrifu* lét Óláfr konungr búa
 127.8 / skip sín ok lið. Þá hafði hann síalfr Trönuna *er hann hafði gera*
 395.6– *látit. Hann hafði lið mikit ok frítt. En er hann var búinn helt hann*
 396.3. út eptir firði *ok¹ norðr fyrir Byrðu ok svá norðr á Hálogaland.
 En hvar sem hann kom við land eða átti þing, þá bauð hann öllu
 fólki at taka skírn ok rétta trú. Bar þá engi maðr traust til at mæla
 í *mót*, ok kristnaðiz *þá² land allt þar sem hann fór.
 Óláfr konungr tók veizlu í Þióttu at Háreks. Var Hárekr þá skírðr
 ok allt lið hans. Gaf Hárekr konungi gíafar góðar ok gerðiz hans
 maðr. Tók Hárekr af konungi veizlur stórar ok lends manns rétt.
 [. . .]

Chapter 210

- 127.14– Rauðr hinn rammi er nefndr einn *ríkr* bóndi *ok auðigr. Hann bió*
 129.7 / í firði þeim á *Hálogalandi* er heitir Sálfti, þar sem heitir Goðey.
 396.5– Rauðr hafði *með sér* marga húskarla, *ok helt hann ríkmannliga*
 398.4. *menn sína, þvíat hann var hofðingi mestr í firðinum ok svá *viðá³*
norðr þar. Fylgði honum fiqlði Finna þegar hann þurfti nokkurs
við. Rauðr var blótmaðr mikill ok allfiqlkunnigr. Hann var vinr
mikill þess manns er fyrr var nefndr er hét Þórir hioqtr; hann réð
fyrir norðr í Vágum. Þeir váru báðir hofðingar miklir. En er þeir
spurðu at Óláfr konungr fór með her manns sunnan um Háloga-
land, þá sǫmnudu þeir her at sér ok buðu skipum út. Fengu þeir
lið mikit. Rauðr hafði dreka mikinn ok gullbúin hofuð á. Var þat
skip þritøgt at rúmatali ok þó mikit at því. Þórir hioqtr hafði ok
mikit skip. Þeir heldu liði því suðr með landi í móti Óláfi konungi.
En er þeir hittuz lögðu þeir þegar til bardaga við konung. Varð
þar mikil orrosta ok hørð. Sneri brátt mannfallinu í lið heiðingia,
ok hruðuz skip þeira, en því næst sló á þá felmt ok flótta. Rauðr
rerir dreka sínum út til hafs. Því næst lét hann vinda á segl sitt.
Hann hafði iafnan byr hvert er hann vildi sigla, ok var þat af
fiqlkynngi hans ok goldrum. Er þat skiótast at segia af ferð Rauðs
at hann sigldi þar til er hann kom heim⁴ í Goðey.
 Þórir hioqtr flýði með sitt lið inn til lands ok hliópu þar af skipum.
 Óláfr konungr fylgði þeim við *sína menn*; hliópu þeir ok á *land*
 ok *eltu hina* ok drápu. Var Óláfr konungr fremstr sem *optast* þá er

¹ C¹; ÷ ABD^{1,2}. ² BC¹; ÷ AD^{1,2}. ³ BC¹D^{1,2}; viðara A. ⁴ + norðr A.

slíkt skyldi þreyta. Konungr sá hvar Þórir hiqrtr hlióp. Hann var allra manna fóthvatastr. Konungr rann eptir Þóri ok fylgði *honum¹ hundr hans, Vígi. Þá mælti konungr: ‘Vígi. *Taktu² hiqrinn.’ *Hundrinn* hlióp fram eptir Þóri ok þegar upp á hann. Þórir nam staðar við. Konungr skaut þá kesiu *sinni* at Þóri. Þórir lagði sverði til hundsins ok veitti honum mikit sár, en iafnskiótt flaug kesia konungs undir hönd Þóri svá at út stóð um aðra síðuna. Lét Þórir þar líf sitt, en Vígi var borinn sárr til skipa. *Fekk konungr til hinn bezta lækni at græða hundinn, ok varð hann heill.* Óláfr konungr gaf öllum mönnum grið þeim er báðu ok rétta trú vildu taka.

Chapter 211

Óláfr konungr helt liði sínu norðr með landi ok kristnaði allt fólk þar sem hann fór. En er hann kom norðr at Sálfti ætlaði hann at fara inn á fiqrðinn ok finna Rauð. En hregg *veðrs³ ok stakastormr lá innan *eptir firðinum.⁴ Lá konungr þar til viku *fulla*, ok helt æ hit sama *sterkviðri⁵ innan eptir firðinum, en hit ýtra var blásandi byrr at sigla norðr með landi. Sigldi þá konungr allt norðr í Qmð, ok gekk þar allt fólk undir kristni. Síðan *sneri hann* ferð sinni aprt suðr. En er hann kom norðan at Sálfti, þá var hregg ok siádrif út *fiqrðinn*. Konungr lá þar nokkurar nætr, ok var veðr hit sama. Þá talaði konungr við Sigurð byskup ok spurði ef hann kynni þar nokkur ráð til at leggja. Byskup *sagði* at hann mun freista ef guð vill sinn styrk til *gefa* at sigra þenna fiándakrapt.

Síðan *skryddiz* byskup öllum messuskrúða *sínum* ok gekk fram í stafn á konungs *skipinu*; lét hann þar *setja* upp róðukross ok tendra fyrir kerti ok bar reykelsti. *Hann* las þar fyrir guðspjall ok margar bænir aðrar. Stökkði *hann* vígðu vatni um allt skipit. Síðan bað hann taka af tiqlin ok róa inn á fiqrðinn. *Hann* lét þá kalla til annarra skipa, at allir *skulu* róa inn eptir *þeim*. En er róðr var greiddr á Trønunni, þá gekk hon inn á fiqrðinn, ok kenndu þeir *menn⁶ engan vind á sér er á því skipi váru, ok svá stóð sú tópt eptir í varrsímanum, at þar var logn, en svá laus síórokan brott frá á hvárntveggja veg at hvergi sá fiqlin. Reri þá hvert skipit eptir qðru þar í logninu. Fóru þeir svá allan daginn ok um nóttina eptir.

¹ BC¹D^{1,2}; konungi A. ² BC¹D^{1,2}; tak þu A. ³ BC¹; vidri AD^{1,2}. ⁴ C¹; fiqrðinn ABD^{1,2}. ⁵ BC¹D^{1,2}; styrk vidri A. ⁶ BC¹D^{1,2}; ÷ A.

Kómu þeir litlu fyrir *dagan* inn í Goðeyjar. En er þeir kómu fyrir bæ Rauðs, þá flaut þar fyrir landi dreki hans sá hinn mikli. Óláfr konungr gekk þegar upp til bæjar *Rauðs* með lið sitt ok veittu *atsókn* lopti því er Rauðr svaf í ok brutu upp; hliópu menn *konungs* þar inn. Var Rauðr handtekinn ok bundinn, en *menn hans* drepnir þeir er þar vǫru inni, en sumir handteknir. Þá var ok gengit at skála þeim er húskarlar Rauðs svǫfu í. Vǫru þeir sumir drepnir, en sumir barðir eða bundnir. Því næst var Rauðr leiddr fyrir konung. Konungr bauð honum at láta skíraz; ‘mun ek þá,’ segir konungr, ‘ekki taka af þér *eignir* þínar, *vera heldr vinr þinn¹ ef þú kannt til gæta.’ Rauðr cepti í móti því; sagði at hann skyldi aldri á Krist trúa ok guðlastaði miðk á *marga vega*. Konungr varð þá reiðr ok sagði at Rauðr skyldi hafa hinn versta dauða. Lét þá konungr taka hann ok binda opinn á slá eina ok setia kefli milli tanna honum ok lúka svá upp munninn. Þá lét konungr taka lyngorm einn ok bera at munn honum. En ormrinn vildi eigi² í munninn ok hrökkðiz frá í brott, þvíat Rauðr blés *fast* í móti honum. Þá lét konungr taka hvanniólatrumbu ok setia í munn *honum*, en sumir menn segia at konungr léti setia lúðr sinn í munn *Rauð* ok *lét³ þar í orminn. Síðan lét hann bera at útan sláiárn glóanda. Hrökkðiz þá ormrinn *undan iárninu* í munn *Rauð* ok síðan í *brióst* til *hiartans* ok skar út um *vinstri* síðuna. Lét Rauðr svá líf sitt.

Óláfr konungr tók þar *allmikit* fé í gulli ok silfri ok qðru lausafé, í vǫpnum ok margskonar dýrgripum. En menn alla þá er fylgt hofðu Rauð ok þá vǫru á lífi lét hann skíra, þá er trú vildu taka, en þá er þat vildu eigi lét hann drepa eða *pína*. Þar tók Óláfr konungr *drekann* er Rauðr hafði átt ok stýrði síálfr, þvíat þat var skip miklu meira ok fríðara en *Tranan*. Var *fram⁴ á drekahöfuð, en apr krókr ok fram af svá sem sporðr. Var hvártveggi svírinn ok svá stafninn með gulli lagðr. Þat skip kallaði konungr Orminn, þvíat þá er segl var á lopti skyldi þat vera fyrir vængi drekans. Var þetta skip þá fríðast í qllum Nóregi.

Eyjar þær er Rauðr byggði heita Gilling⁵ ok *Hæring,⁶ en allar saman heita þær Goðeyjar ok Goðeyiastraumr fyrir norðan í milli ok meginlands.

¹ BC¹D^{1,2}; ÷ A. ² + in A. ³ BC¹D^{1,2}; bera A. ⁴ BC¹D^{1,2}; framan A. ⁵ ABC¹D^{1,2}; *Jöfraskinna*; Gylling *Kringla*, 39, *Fríssbók*, *PCI*. ⁶ BC¹D²; hræringh A, ęring D¹.

Chapter 212

Óláfr konungur kristnaði fiqrð þann allan. *Fór hann síðan leið sína* 132.6–9 /
 suðr með landi, ok varð í þeiri ferð mart til tíðinda þat er í *frásagnir* 401.20–
 er fært, *er¹ tröll ok² illar vættir glettuz við *konungs* menn ok 402.4.
 stundum við hann síálfan. [. . .]

Chapter 213

[. . .] Kom Óláfr konungur liði sínu um haustit *suðr til Prándheims*, 142.12–13 /
 helt *inn* til Niðaróss ok bió sér þar til vetrsetu. 402.7–8.

Chapter 214

Þá er Haraldr konungur hinn hárfagri hafði eignaz allt *riki í Nóregi* 142.14–
 ok var á veizlu með *Rognvaldi Mæraiarli*, þá tók konungur þar 143.4 /
 laugar ok lét greiða hár sitt. Ok þá skar Rognvaldr iarl hár hans, 130.8–16.
 en áðr hafði verit óskorit tíu vetr, ok fyrir því var hann kallaðr
Haraldr lúfa. En síðan gaf iarl honum kenningarnafn ok kallaði
 hann Harald hinn hárfagra, ok sögðu allir er sá at þat var hit mesta
 sannnefni, þvíat hann hafði hár bæði mikit ok fagrt.

Nokkuru síðar fór Haraldr konungur með her *sinn³ vestr um haf 143.5 / *Cf.*
 [. . .] 128.8–9.

En áðr hann fór vestan gaf hann Orkneyiar ok Hialtland Rognvaldi 143.6–8 / *Cf.*
 iarli í sonarboetr. *Gørðiz Sigurðr bróðir Rognvalds þar iarl yfir*, 129.9–14.
 [. . .]

En er Rognvaldr iarl spurði fall Sigurðar *iarls* bróður síns, þá 143.10–11 /
 sendi hann vestr til *Orkneyia* Hallað son sinn. [. . .] 137.2–4.

Chapter 217

[. . .] Þar var *einn maðr*, Halldórr son Guðmundar *hins ríka* af 161.1–5 /
 Mjðruvöllum, *annarr* Kolbeinn son Þórðar Freysgoða, bróðir 402.15–
 Brennu-Flosa, *þriði* Svertingr son Rúnólfs goða. Þar *réð* ok fyrir 403.3 and
skipi Þórarinn Nefiúlfsson. Þessir allir váru heiðnir ok margir aðrir 403.17.
bæði ríkir ok órúkir.

¹ BC¹D²; ÷ AD¹. ² + aðrar A. ³ BC¹; ÷ A. *Different text in D^{1,2}.*

- 161.5–11 / Þessir menn sem nú váru nefndir, hverr með sína skipveria, leituðu
403.12–16. til brautsiglingar þegar Óláfr konungr var kominn norðan af Hálogalandi, þvíat þeim var sagt at konungr nauðgaði alla menn til kristni. Lögðu heiðingiar þegar út ór ánni er konungr var kominn til bæiarins; sigldu þeir út eptir firði. Því næst gekk þeim veðr í þrá ok rak þá¹ apr undir Niðarhólm.
- 161.11–15 / Þetta var sagt Óláfi konungi, at Íslendingar lágu út undir Hólmi
403.19–23. nokkurum skipum ok váru allir heiðnir ok vildu flýia fund hans.² Konungr sendi þegar menn út til þeira ok bannaði þeim *brottfærð³ ok bað þá leggja inn til bæiarins. Þeir gerðu svá, en báru ekki af skipum sínum.
- 161.15–18 / Í þann tíma kómu af Íslandi gofgir menn ok mikils verðir þeir er
403.3–9. við kristni höfðu tekit af Þangbrandi presti, Gizurr hvíti ok Hialti Skeggiason ór Þiðrsárdal. Hialti átti Vilborgu dóttur Gizurar hvíta [. . .]

Chapter 218

- 163.8– Litlu síðar kom Þangbrandr á fund Óláfs konungs, nýkominn af
164.12 / Íslandi. Sagði hann konungi hversu Íslendingar höfðu illa við
407.5– honum tekit [. . .] Við þessa kærslu Þangbrands varð konungr
408.7. ákafa reiðr, svá at hann lét þegar blása til þings ok boða til öllum íslenzkum mǫnnum þeim sem þar váru í bænum eða á skipum, bað síðan taka alla er heiðnir váru, ræna, meiða eða drepa. En höfðingiar íslenzkir, Kiartan Ólafsson, Gizurr, Hialti ok aðrir þeir er kristnir váru gengu fyrir konung ok báðu Íslendingum friðar ok mæltu: ‘Eigi muntu, herra konungr, ganga á bak orðum þínum. Þú segir at engi maðr *skal⁴ svá mikit hafa gort til reiði þinnar at eigi viltu þat upp gefa þeim er skíraz vilia ok láta af heiðni. Nú vilia þeir allir íslenzkir menn sem hér eru taka sanna trú ok láta skíraz. En vér munum finna þat ráð til at kristnin mun við ganga á Íslandi. Eru hér *margir⁵ ríkra manna synir af Íslandi ok munu feðr þeira mikit liðsinni veita at þessu máli. [. . .] En Þangbrandr [. . .] fór með ofstopa ok harðindi ok drap menn ef honum mislíkaði við, ok þolðu menn honum þar ekki slíkt.’ [. . .]

¹ + inn A. ² ABD^{1,2}; kongs C¹. ³ BC¹D^{1,2}; braut ferð A. ⁴ BC¹D²; skuli A. ⁵ D²; margra ABC¹.

Chapter 222

Guðrøðr konungr son Eiríks blóðøxar ok Gunnhildar hafði verit í 171.8–
 hernaði í Vestrlöndum síðan hann flýði land í *Nóregi* fyrir Hákonni 172.18 /
 iarli. En á þessu sumri *sem* nú er áðr frá sagt, þá er Óláfr konungr 410.7–
 Tryggvason hafði fióra vetr ráðit Nóregi, kom Guðrøðr til Nóregs 412.2.
 ok hafði mörg herskip. Hann hafði þá siglt út af Englandi. *En* er
 hann kom í landsván við Nóreg, þá stefndi hann suðr með landi,
 *þangat¹ er honum var minni ván fyrir Óláfs konungs. *Sigldi*
 Guðrøðr *austr* til Víkrinnar. En þegar hann kom til lands tók hann
 at heria ok *braut* undir sik *landsfólkit*, en beiddi sér viðtöku. En
 er landsmenn sá at herr mikill var kominn á hendr þeim, þá *leitudu*
 þeir sér griða ok sætta ok *buðu* konungi at þingboð *skyldi* fara *um*
landit, *sogðu at þeir vildu heldr veita* honum viðtöku en þola her
 hans, *ok stefna til fiqlmennt þing at taka hann til konungs*. Váru
 þar *mælt á löng* frest meðan þingboð færi *um alla Víkina*. Krafði
 þá konungr vistagjalds meðan sú biðandi skyldi vera, en bæendr
køru heldr hinn kost, at búa konungi veizlur *svá lengi sem þurfti*
ok þingboð stæði yfir. Guðrøðr konungr tók þann kost at hann fór
yfir landit at veizlum með sumt lið sitt, en sumt gætti skipa hans.
 Þeir bræðr Þorgeirr ok Hyrningr [. . .] *Reðu* sér *síðan* til skipa *ok*
fóru norðr í Víkina. *Kómu þeir* á einni nótt með *lið sitt* þar sem
 Guðrøðr konungr var á veizlu, *veittu* honum þar atgöngu *bæði*
 með eldi ok vápnum. Fell þar Guðrøðr konungr ok flestallt lið
 hans. *Síðan heldu þeir til móts við þat lið sem at skipunum var*;
 var *þat* sumt drepit, en sumt komz undan ok flýði víðs vegar.
 Váru þá dauðir allir synir Eiríks ok Gunnhildar. [. . .]

Chapter 223

Þann vetr eptir er Óláfr konungr hafði komit af Hálogalandi lét 172.21–
 hann reisa skip *mikit² inn undir Hlaðhömrum, þat er meira var 175.14 /
 miklu en önnur skip þau er þá váru í *Nóregi*, ok eru enn *þar 412.4–
 bakstokkar þeir³ svá at síá má. Þorbergr *Skaflaugsson* *er sá maðr 414.14.
 nefndr⁴ er stafnasmiðr var at skipinu *ok hqfuðsmiðr at reisa í fyrstu*.
 En þar váru margir aðrir at, sumir at fella, sumir at telgia, sumir
 saum at slá, sumir til at flytia við *eða aðra hluti þá sem þurfti*.
 Váru þar allir hlutir miðk vandaðir til. Var *skip þat* bæði langt ok
 breitt, borðmikil ok stórviðat.

¹ BC¹D²; þar A. ² C¹; ÷ AD². ³ C¹; þeir bak stockar þar A. *Different text in D²*. ⁴ C¹; het sa maðr A. *Different text in D²*.

En er þeir báru skipit borði, þá átti Þorbergr nauðsyniaerendi at fara heim til bús síns, ok dvalðiz hann þar miðk lengi. En er hann kom aprtr var skipit fullborða. Fór konungr þegar um kveldit ok Þorbergr með honum at síá skipit, *hvernveg* orðit var, ok mælti þat hverr maðr *er sá* at aldri hefði sét langskip iafn mikit ok iafn frítt. *Fór* þá konungr aprtr í bæinn.

En snimma um morgininn *fór* konungr enn til skipsins ok þeir Þorbergr. Váru þá smiðir áðr þar komnir; stóðu þeir allir ok höfðuz ekki at. Konungr spurði hví þeir færi svá. Þeir sögðu at spillt var skipinu, at maðr mundi gengit hafa frá framstafni til lyptingar ok sett í borðit ofan hvert skýlihogg at oðru. Gekkk konungr þá til ok sá at satt var. Mælti *hann* þegar ok *sór* um at sá maðr skyldi deyia ef *hann* vissi hverr fyrir ofundar sakir hefði spillt skipinu. ‘En sá er mér kann segia,’ *sagði konungr*; ‘skal mikil gæði af mér hlióta.’ Þá svaraði Þorbergr: ‘Ek mun kunna at segia yðr, *herra*, hverr þetta verk mun gort hafa.’ *Konungr mælti*: ‘Mér er ok eigi at oðrum *manni¹ meiri ván at þat happ muni henda at verða þessa víss ok kunna mér at segia.’ *Þat skal ek ok segia þér, herra*. Ek hefi gort.’ Konungr *svaraði*: ‘Þá skaltu ok bæta svá at iafnvel sé sem áðr var *eda betr*. Skal þar líf þitt við liggia.’ Síðan gekkk Þorbergr til ok telgði borðin, svá at oðl gengu ór skýlihoggin. Mælti þá konungr ok allir *þeir er sá* at skipit væri miklu fríðara á þat *borðit* er Þorbergr hafði skorit. Bað konungr hann þá svá gera á bæði borð ok bað hann hafa mikla þökk fyrir. Var þá Þorbergr höfuðsmiðr fyrir skipinu þar til er algort var. Var þat dreki ok *gort² eptir því sem *var* dreki sá er *Óláfr* konungr hafði *norðan* af Hálogalandi. En *þó* var þetta skip miklu meira ok at ollum hlutum meir vandat. *Þenna dreka* kallaði hann Orm hinn langa, en hinn Orm hinn skamma. Á langa Ormi váru fiogur rúm ok þrír tigr; *höfuðit* ok krókrinn var allt gullbúit. Svá váru borðin há sem á hafskipum. Þat hefir skip verit bezt gort ok með mestum kostnaði í Nóregi.

Chapter 230

198.12– [. . .] *En er á leið vetrinn ok um várit kærði Pyri dróttning optliga*
199.18/ fyrir konungi ok grét sárliga þat er eignir hennar váru miklar í
422.9– Vinðlandi, en hon hafði engan fiárhlut þar í landi *svá³ sem
423.18. dróttningu *sómði*. Stundum bað hon konung fögurum orðum at hann

¹ C¹D²; ÷ A. ² C¹; gort AD². ³ D²; eptir því A, ÷ BC¹.

skyldi fá henni eign sína; sagði at Búrizláfr konungr var svá mikill vin Óláfs konungs at þegar þeir fyndiz mundi *hann* fá Óláfi konungi allt þat er hann beiddiz. En er þessarrar ræðu urðu varir vinir Óláfs konungs, þá lottu allir konung at fara til Vinðlands, þó at dróttning eggjaði. Þann vetr var veðráttu góð ok grøri snemma um várit.

Svá er sagt at þat var á pálmdróttinsdag at Óláfr konungr gekk úti um stræti. Þá gekk maðr í móti honum með hvannir margar ok undarlíga stórar í þann tíma várs. Konungr tók einn hvannniólann í hǫnd sér ok gekk heim til herbergis. Þyri dróttning sat inni í stofunni ok grét er hann kom inn. Konungr mælti til hennar: ‘Sé hér hvannnióla mikinn er ek gef þér.’ Hon laust við hendinni ok mælti: ‘Stærrum gaf Haraldr Gormsson faðir minn, en minnr æðraðiz hann at fara af landi at sækia *eign¹ sína en þú gerir nú, ok reyndiz þat þá er hann fór hingat í Nóreg ok eyddi land þetta at mestum hlut, en eignaðiz allt at sköttum ok skyldum. [. . .] ok þorir þú eigi at fara í gegnum Danaveldi at sækia eignir mínar, en sæmð þína, fyrir Sveini konungi bróður mínum.’ Óláfr konungr hlióp upp við er hon mælti þetta ok svaraði hátt: ‘Aldri skal ek hræddr *fara² fyrir Sveini konungi bróður þínum, ok ef okkrir fundir verða, þá skal hann fyrir láta.’

Óláfr konungr stefndi þing í bænum litlu síðar. Hann gerði þá 199.18– bert fyrir allri alþýðu, at hann mun leiðangr hafa úti um sumarit 200.3 / fyrir landi, ok hann vill nefnd hafa ór hveriu fylki bæði at *skipum 424.2–10. ok liði.³ Sagði þá hversu mǫrg skip hann vill hafa þaðan ór firðinum. Síðan gerði konungr orðsendingar bæði norðr ok suðr með landi⁴ hit *ýtra ok hit efra,⁵ ok lætr liði út bióða. Lét konungr þá setia fram Ormynn langa ok ǫll ǫnnur skip sín, bæði smá ok stór.

Chapter 231

Á því sama vári sendi Óláfr konungr Gizur ok Hialta til Íslands, 200.4–15 / sem áðr er ritat. Þá sendi konungr ok Leif Eiríksson til Grænlands 427.2–3 at boða þar kristni. Fekk konungr honum prest ok nokkura aðra and 14– vígða menn at skíra þar fólk ok kenna þeim trú rétta. Fór Leifr þat 428.9. sumar til Grænlands. Hann tók í hafi skipshöfn þeira manna er þá vǫru ófærir ok lágu á skipsflaki albrotnu. Ok í þeirri sǫmu ferð

¹ BC¹; tign AD². ² BC¹D²; ÷ A. ³ BC¹D²; liði ok skipum A. ⁴ + bæði AC¹. ⁵ D²; efra ok hit ytra A, ytra ok (+ ít C¹) innra BC¹.

fann hann *Vínland hit¹ góða ok kom at áliðnu því sumri til Grænlands ok fór til vistar í Brattahlíð til Eiríks fōður síns. Kōlluðu menn hann síðan Leif hinn heppna. En Eiríkr faðir hans sagði at þat var samskulda, er Leifr hafði borgit ok gefit líf skipshōfn manna ok þat er hann hafði flutt skémanninn til Grænlands. Svá kallaði hann prestinn. [. .]

Chapter 233

205.13– Óláfr konungr lét búa skip sín um várit er á leið ór Niðarósi;
206.7 / skyldi hann síálfr stýra Orminum langa er hann hafði þá gera
424.9– látit um vetrinn áðr, þvíat hann var þá mest langskip ok fríðast í
425.2. Nóregi. Ok þá er menn váru ráðnir til skipanar, þá var þar svá miōk vandat ok valit lið á, at engi maðr skyldi vera á Orminum ellri en sextōgr ok engi yngri en tvítōgr, en valit miōk at afli ok hreysti. Þar váru fyrstir til skoraðir hirðmenn Óláfs konungs, þvíat hirðin var valin af innlendum mōnnum ok útlendum, allt þat er styrkast var ok fræknast.

206.7– Úlfr rauði hét maðr er bar merki Óláfs konungs ok var í stafni á
207.18 / Orminum ok annarr *Kolbiōrn² stallari, Þorsteinn uxafōtr, Vikarr
425.4– af Tíundalandi bróðir Arnlióts gellina. Þessir váru á rausn í sōxum:
426.16. Vakr *elfski Raumason,³ Bersi hinn sterki, Án skyti af Íamtalandi, Þrándr rammi af Þelamōrk ok Óþymir bróðir hans, þeir Háleygir Þrándr skiálgi, Qgmundr sandi, Hlōðver langi ór Saltvík, Hárekr hvassi. Þessir innan ór Þrándheimi: Ketill hinn hávi, Þorfinnr eisli, Hávarðr ok þeir bræðr ór Orkadal. Þessir váru í fyrirrúmi: Biōrn af Stuðlu ok Bōrkr ór Fiōrðum, Þorgrímr ór Hvini Þióðólfsson, Ásgrímr ok Ormr, Þórð ór *Marðarlaug,⁴ Þorsteinn hvíti af *Oprostōðum,⁵ Arnórr mōerski, Hallsteinn, Eyvindr snákr, Bergþórr bestill, Hallkell af Fiolum, Óláfr drengr, Arnfinnr sygnski, Sigurðr bíldr, Einarr hōrðski, *Finnr,⁶ Ketill rygski, Griótgarðr raumski. Í krapparúmi váru þessir: Einarr þambarskelfir — hann þótti þeim eigi hlutgengr, þvíat hann var átián vetra — Hallsteinn Hlífarson,

¹ C¹; vindland hit A, vínlandit B, ÷ D². ² BD²; kolbeinn A, kolfeinn C¹. ³ D²; enski af ravma A, af lidi Rauma BC¹. ⁴ BD²; marða lōg A, marda laug C¹. ⁵ ofro stōðum A, gróstōðum BC¹, offrustōðum D². ⁶ BC¹D²; ÷ A.

Pórólfr, Ívarr smetta, Ormr skógarnef. Margir aðrir menn miðk ágætir váru á Orminum, þó at vér kunnim eigi at nefna. Átta menn váru í hálfrymi á Orminum ok var valit einum manni ok einum. Þrír tigr manna váru í fyrirrymi.

Þat var mál manna at þat mannval er á Orminum var bar eigi *minnr* af qðrum monnum um fríðleik, afl ok frækneik en Ormrinn langi af qðrum skipum. Þorkell nefia, bróðir konungs, stýrði Orminum skamma. Þorkell *dyrðill¹ ok Jósteinn, móðurbræðr konungs, hofðu Tronuna, ok var hvártveggia þat *skipit* allvel skipat. Níu stórskip *bió* Óláfr konungr ór Þrándheimi ok umfram tvítögssessur ok smæri skip.

En er konungr hafði miðk búit lið sitt ór Niðarósi, þá skipaði hann monnum í sýslur ok ármenningar um öll Þrændalög. [. . .] 207.18–20/
426.18–
427.2.

Chapter 241

Óláfr konungr fór liði sínu suðr *um Stað*. [. . .] Sóttu þá til fundar við hann vinir hans, margir ríkismenn, þeir er búnir váru til ferðar með konungi. Var þar hinn fyrsti maðr Erlingr Skiálgsson mágur hans, ok hafði hann skeið *sína* hina miklu. Hon var þrítög at rúmatali, *ok² var þat skip allvel skipat. Þá komu ok til hans mágur hans *austan ór Víkinni*, Hyrngr ok Þorgeirr, ok stýrði hvártveggi miklu skipi. Margir aðrir ríkismenn fylgðu konungi. [. . .] 237.13–21/
428.11–
429.1.

Chapter 242

[. . .] Hann hafði sex tigi langskipa. [. . .] 238.18 /
429.1.

Sigldi hann þegar er byr gaf *öllum flotanum* suðr til Danmerkr ok *svá* í gegnum *Eyrarsund.³ Kom Óláfr konungr í þeiri ferð *suðr* til Vinðlands ok gerði stefnulag við Búrizláf konung. Funduz þeir konungarnir ok tóluðu um eignir þær er Óláfr konungr heimti. Fóru allar ræður *vingiarnliga* milli *konunganna*, ok varð góðr greiðskapr um þær heimtingar er Óláfr konungr þóttiz þær eiga. Dvalðiz *Óláfr konungr⁴ þar lengi um sumarit ok fann marga vini sína. [. . .] 240.13–
241.3 /
429.2–9.

¹ BC¹D²; dyrðill A. ² C¹D²; ÷ A. ³ C¹D²; eyra sund A. ⁴ BC¹D²; hann A.

Chapter 243

241.7– Eiríkr iarl Hákonarson *flýði land í Nóregi* eptir fall Hákonar iarls
 242.23 / *fjòður síns, sem fyrr er getit*. Fór Eiríkr iarl fyrst austr til Svíþjóðar
 414.16– á fund Óláfs sænska Svíakonungs, ok fekk hann þar góðar
 416.16. viðtökur. Veitti Óláfr *Svíakonungr* *iarli þar¹ friðland ok veizlur
 stórar, svá at hann mátti þar vel halda sik ok lið sitt. Þess getr
 Þórðr Kolbeinsson í Belgskagadrápu:

Meinremmir² brá mána.

*Var Eiríkr iarl í Svíþjóð um vetrinn. Þann vetr sótti til hans *af
 Nóregi³ lið mikit þat er landflótta varð fyrir Óláfi konungi Tryggva-
 syni. Tók Eiríkr þá þat ráð, at hann fekk sér skip ok fór í hernað
 um sumarit at afla sér fiár ok liði sínu. Hann helt fyrst⁴ til Gotlands
 ok lá þar lengi um sumarit. Sætti⁵ kaupmönnum er sigldu til
 landsins eða víkingum. Stundum gekk hann upp á land ok heriaði
 þar víða með síanum. Svá segir í Bandadrápu:*

Meir vann miklu fleiri
 *malmhríð⁶ iðfurr síðan,
 áðr frágum þat, aðra,
 Eiríkr und sik geira,
 þá er garðvala gerði
 Gotland vala strandar
 virvils vítt of heriat,
 veðmildr ok semr hildi.

Síðan sigldi Eiríkr iarl suðr til Vinðlands. Hann hitti fyrir Staur-
 inum víkingaskip nokkur ok lagði til orrostu við þá. Þar fekk Eiríkr
 iarl sigr, en drap *lið mikit*. Svá segir í Bandadrápu:

Stærir lét at Stauri
 stafnviggs hofuð liggja,
 gramr vélti svá, gumna,
 gunnblíðr, ok réð síðan.
 Sleit á sverðamóti
 svörð víkinga hvarðu
 unda már á eyri,
 iarl goðvörðu hiarli.

¹ BC¹D²; þar j. A. ² AB, Meinrenmir C¹, Menræiter D². ³ BD²; or
 Noregi, *after* mikit C¹, ð A. ⁴ + liði sino A. ⁵ + hann A. ⁶ C¹D²; malm-
 hridir A, malmhríðar B.

Á því sumri fór Eiríkr iarl ok til Danmarkar á fund Sveins 242.24–
 tíúguskeggs Danakonungs ok bað til handa sér Gyðu dóttur hans, 243.3 /
 *ok¹ var þat at ráði gort. Fekk Eiríkr iarl Gyðu. Vetri síðar áttu 418.19–
 þau son er Hákon hét. 419.3.

Þá er Eiríkr iarl hafði fengit Gyðu ok verit eitt sumar í hernaði 243.3–20 /
 sigldi hann um haustit apr til Svíþjóðar ok var þar vetr annan. En 416.18–
 at vári bió hann her sinn ok sigldi síðan í Austrveg. Ok þá er hann 417.17.
 kom í ríki Valdamars konungs tók hann at heria, drap mannfólkit,
 en brenndi byggðir þar sem hann fór, *ok² eyddi landit. Hann
 kom til Aldeigiuborgar ok settiz þar um, þar til er hann vann
 staðinn, drap þar mart fólk, en braut ok brenndi borgina alla. Fór
 hann síðan víða herskildi um Garðaríki. Svá segir í Bandadrápu:

Oddhríðar fór eyða,
 óx hríð af því síðan,
 logfágandi lægis
 land Valdamars brandi.
 Aldeigiu *brauztu,³ ægir,
 oss numnaz skil, gumna.
 Sú var hildr með hólðum
 hórð. Komt austr í Garða.

Eiríkr iarl var fimm sumur í þessum hernaði öllum samt.

En á vetrum var hann í Danmörku með Sveini konungi tíúguskegg 243.20–22 /
 mági sínum, en stundum í Svíaveldi. 419.4–5.

Sveinn Danakonungr hafði átt Gunnhildi dóttur Búrizláfs Vinða- 243.22–
 konungs. En er hon var dauð fekk hann Sigríðar dróttningar hinnar 244.3 /
 stórráðu, móður Óláfs Svíakonungs, sem fyrr er ritat. Tótz þar þá 419.7–14
 með tengðum konunganna kærleikr, ok með þeim öllum ok Eiríki and
 iarli. 429.11–12.

Chapter 244

Sigríðr dróttning var hinn mesti óvin Óláfs konungs Tryggvasonar 244.4–10 /
 ok fann þat til saka, at Óláfr konungr hefði slitit við hana einka- 429.12–
 430.1.

¹ BC¹D²; ÷ A. ² C¹D²; en AB. ³ BC¹D²; bravtz þu A.

málum ok lostit hana í andlit. [. . .] Eggiaði hon miðk Svein konung at halda orrostu við Óláf konung Tryggvason [. . .]

246.4–6/ *En er Sigríðr hafði optliga slíkar ræður í munni, þá kom hon svá*
430.4–6. *sínum fortølum um síðir at Sveinn konungr varð fullkominn óvin*
Óláfs konungs. [. . .]

Chapter 245

247.9– *Litlu síðar sendi Sveinn konungr menn austr til Svíþjóðar á fund*
248.8/ *Óláfs konungs mágs síns ok Eiríks iarl ok lét segja þeim at Óláfr*
430.7– *Nóregskonungr hafði her úti ok ætlaði *at fara¹ um sumarit² til*
431.12. *Vinðlands. Fylgði þat orðsending at³ Svíakonungr ok *iarl⁴ skyldu*
her úti hafa⁵ ok fara til móts við Svein konung. Skyldu þeir þá
allir samt halda orrostu við Óláf Nóregskonung. En Svíakonungr
ok Eiríkr iarl váru þeirar ferðar albúnir ok drógu saman skipaher
mikinn af Svíþjóð. Fóru þeir liði því suðr til Danmerkr ok kómu
þar svá at Óláfr Tryggvason hafði áðr austr siglt. Þess getr Halldórr
hinn ókristni er hann orti um Eirík iarl, at hann hafði her úti af
Svíþjóðu ok honum varð gott til liðs:

Út bauð iðfra hneitir,
élmóðr af Svíþjóðu,
sunnr helt gramr til gunnar,
gunnbliks liði miklu.
*Hverr⁶ vildi þá *hǫlða,⁷
hrægeitunga feitir,
már fekk á síá sára
sylv, Eiríki fylgia.

Heldu þeir⁸ Svíakonungr ok Eiríkr iarl til fundar við *Svein* Dana-
konung ok hǫfðu þá allir *saman⁹ ógrynni hers.

248.8–17/ *Sveinn konungr [. . .] Sendi Sveinn konungr Sigvalda til Vinðlands*
431.14– *um sumarit at niósna um ferðir Óláfs konungs Tryggvasonar ok*
432.4. *gildra svá til at fundr þeira *Sveins konungs mætti verða ok Óláfs¹⁰*
*konungs. Fór þá Sigvaldi *iarl¹¹ leið sína ok kom fram í Vinðlandi;*

¹ BC¹D²; ÷ A. ² + suðr A. ³ + olaftr A. ⁴ BC¹D²; jarlin A. ⁵ + vm
sumarit A. ⁶ BC¹; huarr A, heria D². ⁷ BC¹; hallda A, haulldar D².
⁸ + Ol. A. ⁹ C¹D²; samt AB. ¹⁰ BC¹D²; Ol. . . Sueins A. ¹¹ C¹D²; ÷ AB.

fór hann til Iómsborgar ok síðan á fund Óláfs Tryggvasonar. Váru þar fǫgr orð ok vináttumál af iarli við Ólaf konung. Kom Sigvaldi sér í hinn mesta kærleik við konung.

Sigvaldi iarl var maðr vitr ok ráðugr. En er hann kom sér í ráðagerð með konungi, þá dvalði hann miðk *ferð* konungs austan at sigla ok fann til þess ýmsa hluti. En lið Óláfs konungs lét geysi illa, ok váru menn *hans* miðk heimfúsir, er þeir lágu þar lengi albúnir, en veðr *byrvæn.¹ Sigvaldi iarl fekk niósn leyniliga af *Danmǫrku* at þá var austan kominn herr Óláfs Svíakonungs ok Eiríks iarls, svá þat at *Danakonungr* hafði þá ok búit sinn her, ok þeir hǫfðingjarnir mundi þá sigla *austan* undir Vinðland með *allan herinn*, þar er þeir hǫfðu ákveðit at þeir mundi biða Óláfs konungs Tryggvasonar við ey þá er Svǫlðr hét. *Sendu þeir ok þau orð Sigvalda iarli at hann skyldi svá til stilla at þeir mætti þar finna Ólaf *Nóregs-konung.*²

Þá kom pati nokkurr til Vinðlands at Sveinn Danakonungr hefði her úti, ok gerðiz brátt sá kurr at Sveinn konungr mundi vilia halda ófrið við Ólaf Nóregskonung. En er Sigvaldi iarl varð þess áheyrsi sagði hann svá til Óláfs konungs: '[. . .] En ef yðr er nokkurr grunnr á því at ófriðr muni vera gǫrr fyrir yðr, þá skal ek fylgia yðr með mínu liði, ok þótti þat enn nokkurr styrkr fyrir hvar sem Iómsvíkingar fylgðu hǫfðingium. Mun ek fá þér tíu skip vel skipuð.' Konungr iátti því. [. . .]

Lét Óláfr konungr þá leysa flotann ok blása til brottlǫgu. Drógu menn þá upp segl sín.

Óláfr konungr hafði þar sex tigi skipa, sem áðr er ritat, en Sigvaldi iarl ellifu skip er þeir leystu ór hǫfninni. Þess getr Halldórr hinn ókristni at þeir hǫfðu báðir samt einu skipi meir en siau tigi er þeir sigldu af Vinðlandi.

Þess getr Halldórr hinn ókristni [. . .] Hann segir svá:

Óna fór ok einu,
unnviggs, konungr sunnan,
sverð rauð mætr at morði
meiðr, siau tígum skeiða,

¹ BC¹; byr vænt AD². ² C¹D²; nōr. A, T. s. B.

þá er húnlagar hreina
hafði iarl of krafða,
sætt gekk seggia *áttar¹
sundr, Skánunga fundar.

Chapter 247

252.6–17 / Þann dag er Óláfr konungr leysti flota sinn af höfninni var veðr
433.12 and lítit ok hagstœtt þegar undan landi kom. Gengu meira smáskipin
433.14– qll, ok sigldu þau undir veðr á hafit út. En Sigvaldi iarl sigldi nær
434.8. konungs skipinu ok kallaði til þeira, bað konung sigla eptir sér.
'Mér er *kunnigaz*,' *segir hann,² 'hvar hér er diúpast um eyia-
sundin, en þér munuð þess þurfa við þau hin stóru skipin.' Sigldi
iarl þá fyrir með *sínnum skipum³, en Óláfr konungr sigldi þar
eptir með *stórskipunum*. En er Sigvaldi iarl sigldi inn at *eyiunni*
Svöldr, þá reru þar menn *í⁴ móti honum á einni skútu. Þeir sögðu
iarl at herr Danakonungs ok Svíakonungs lá þar í höfninni fyrir
þeim. Þá lét iarl hlaða seglunum á sínnum skipum ok heimtu þeir
með árum skipin undir eyra [. . .]

Chapter 248

